

**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um skattheimtu og skipulagsvald til verktaka með einkaframkvæmd. 14



**MENNING** Eva María Daníels framleiðir fyrstu kvikmyndina sem Cate Blanchett leikstýrir. 30



**SPORT** Guðlaugur Victor Pálsson hefur tekið miklum framförum og er kominn í íslenska landsliðið. 26


WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS
LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
9. október 2013
236. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



**Samstarf eykur verðmæti**
Samstarf fyrirtækja í Íslenska sjávarklasanum er lykillinn að því að auka verðmæti þeirra, segir Þór Sigfússon framkvæmdastjóri.

**FRÉTTIR**

**Rannsaka bólusetningar** Fjórða hvert fjögurra ára barn í Vestmannaeyjum er ekki bólusett. Ástæður vanbólusetningar verða rannsakaðar. 4

**Gjaldþrot blasir við** Búist er við að mikill skuldavandi hjá sóknarkirkjum verði viðvarandi næstu ár. Helstu skuldir eru vegna uppbyggingar. 6

**Hjálp að hjálpa** Helga Hallbjörnsdóttir, formaður mannúðarsamtakanna Handarinnar, segir það styrkja sig að hjálpa öðrum sem þjást af kvíða, þunglyndi og örlyndi. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SA | 5 |
| Akureyri | 1° | S | 3 |
| Egilsstaðir | 2° | NV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | NV | 5 |
| Reykjavík | 4° | NV | 3 |

**Bjart** víða á landinu í dag. Fremur hæg V-læg átt að mestu en vaxandi SV-átt NV-til síðdegis. Hiti 0-5 stig að deginum en frost inn til landsins N-til. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Fólk | Stöð 2




# Sígarettusala tíu prósentum minni eftir hækkun gjalda

Samkvæmt sölutölum ÁTVR hefur sala á sígarettum, vindlum og neftóbaki dregist saman á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Tóbaksgjald var hækkað umtalsvert frá og með síðustu áramótum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Hækkun tóbaksgjalds sem gekk í gildi um síðustu áramót virðist hafa orðið til þess að sala á sígarettum dróst saman um tæp tíu prósent á fyrstu níu mánuðum ársins, að því er fram kemur í sölutölum ÁTVR. Frekari hækkun gjaldsins er boðuð í fjárlagafrumvarpinu.

Sala á vindlum dróst saman um 8,6% og sala á neftóbaki, sem oftar en ekki er tekið í vörina, dróst saman um rúm fjögur prósent eftir síaukna söluaukningu síðustu ár. Sala á píputóbaki og öðru reyktóbaki jókst milli ára.

Gjöld á sígarettur hækkuðu um 20%, úr 365,64 krónum á pakka í 439,83 krónur á pakka. Smásöluverð á algengustu sígarettutegundum hefur hækkað í samræmi við það og kostar pakkinn nú um það bil 1.200 krónur. Tóbaksgjald á neftóbak tvöfaldaðist, fór úr 7,21 krónu á gramm upp í 14,42 krónur og smásöluverð á tóbaksdós hækkaði úr 890 krónum upp í 1.845 krónur milli ára.

„Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnunni er hækkun á skatti vænlegasta leiðin til að draga úr tóbaksneyslu og skaðsemi af hennar völdum,“ segir Viðar Jensson, verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis, og bætir við að ungt fólk sé sérstaklega næmt fyrir hækkunum á tóbaki. Verulega hefur dregið úr reykingum hér á landi síðustu ár.

Aðspurður um áhrif samdráttar í sölu á tekjur ÁTVR það sem af er ári segir Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri söluviðs fyrirtækisins, að þær séu óverulegar.

„Samdrátturinn í sölu hefur ekki haft neikvæð áhrif á reksturinn. Frekar hitt að tekjur hafi aukist lítillega frá því í fyrra vegna hækkunar á tóbaksgjöldum sem vegur upp á móti minni sölu.“ - þj

**➜ Þróun tóbakssölu ÁTVR**
**frá janúar til september 2012 og 2013**






**RAPPKVENDI** Bergþóra Einarsdóttir, Tinna Sverrisdóttir, systurnar Katrín Helga og Anna Tara Andrésdætur, Kolfinna Nikulásdóttir og Salka Valsdóttir eru í hópi þeirra rappkvenna sem koma fram á sérstöku kvennarappkvöldi á Bar 11 í kvöld. Þetta er í annað sinn sem slíkt kvöld er haldið. Fyrsta kvöldið var svo vel sótt að hleypa þurfti inn í hollum. sjá síðu 30 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vill leyfa gjald á kreditkortin:

## Gætu sparað á að staðgreiða

**ALÞINGI** Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að með einfaldri lagabreytingu gætu útgjöld íslenskra heimila lækkað um allt að fimm milljarða króna á ári, eða 30 til 50 þúsund krónur á hvert heimili.



**FROSTI SIGURJÓNSSON**

Breytingin fælist í að leyfa verslunum að taka gjald af þeim sem nota kreditkort, en lækka verðið hjá þeim sem staðgreiða. Frosti telur að verð gæti lækkað um 1-2 prósent.

„Í dag er þetta þannig að 20 daga greiðslufrestur er í raun innifalinn í vöruverðinu, hvort sem greitt er með kreditkorti eða staðgreitt. Það er ekki ókeypis,“ segir Frosti. - bj / sjá síðu 10





KAUPTU BLEIKU SLAUFUNA BLEIKASLAUFAN.IS


Íslendingar sluppu við þungar refsingar fyrir ölvun í Sádi-Arabíu:

# Flugvirkjunum vísað úr landi

**DÓMSMÁL** Flugvirkjunum þremur sem voru handteknir í Sádi-Arabíu í september grunaðir um ölvun hefur verið vísað úr landi. Áfengislög í Sádi-Arabíu eru mjög ströng en brot á þeim varðar fangelsisvist, háa fjársekt og/eða opinbera hýðingu.

Stefán Eyjólfsson, starfsmannastjóri Atlanta-flugfélagsins sem flugvirkjarnir starfa hjá, segir málið hafa farið á besta veg. „Þeir voru á hóteli og störfuðu hjá fyrirtækinu á meðan þeir biðu niðurstöðu, sem er að þeim er vísað úr landi og þeir mega aldrei koma aftur til Sádi-Arabíu.“



Mennirnir geta því ekki starfað áfram í landinu og enn er óljóst hvað verður um starfsferil þeirra. „Það er í vinnslu á milli Atlanta og þeirra hvernig mál þeirra verður afgreitt,“ segir Stefán.

Mennirnir þrír, sem allir eru á fertugsaldri, voru handteknir við komuna til Sádi-Arabíu grunaðir um neyslu áfengis um borð í flugvélinni. Þeir dvöldu á hóteli í Ríad á meðan málið var í rannsókn. Mennirnir neituðu alfarið sök. - ebg








KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

## SPURNING DAGSINS



Greta, heldur þú að tónleikarnir hitti ekki beint í mark?

**Jú, auðvitað, við tökum þetta með vinstri.**

Systurnar Hólmfríður Ósk og Greta Mjöll Samúelsdætur spila á tónleikum í kvöld með fótboltakappanum Guðmundi Reyni Gunnarssyni.

Forsætisráðherra vill ýta undir aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbanka:

# Takmörk á eignarhlut í bönkum

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segist þeirrar skoðunar að setja eigi takmörk á hversu stóran hlut hver einstakur eigandi má eiga í íslenskum bönkum. Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi í gær.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Sigmund Davíð út í stöðu fjármálakerfisins og hvort forsætisráðherra teldi mikilvægt að skilja á milli fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

Sigmundur sagði mögulega svigrúm til að nota lagasetningu til að ýta undir meiri aðskilnað milli ólíkrar bankastarfsemi. Hann væri áhugasamur um að fara þá leið og hefði verið ósáttur við hvernig staðið hafi verið að stofnun nýju bankanna eftir hrun.

Helgi spurði einnig um stöðu innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum, hvort þær nytu enn fullrar ríkisábyrgðar og hvort fyrirhugað væri að breyta því. Sigmundur Davíð sagði ríkisábyrgðina standa en benti á að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefði tilkynnt að til stæði að endurskoða það fyrirkomulag. - bj



**HELGI HJÖRVAR**



**SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON**

Vildu rifta afsali á íbúðum:

# Færðar í félag fyrir gjaldþrot

**DÓMSMÁL** Félagið Veigur ehf. var í gær sýknað í Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfu þrotabús Jafets Ólafssonar um riftun á afsali fjögurra íbúða á Akureyri til félagsins. Íbúðunum hafði verið afsalað til Veigs ehf. hinn 15. desember 2010 og yfirtók félagið lán sem á íbúðunum hvíldu, en bú Jafets var tekið til gjaldþrotaskipta 22. mars 2011. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að um gjörning viðskiptalegs eðlis hefði verið að ræða. - skó





**ÓGÖNGUR** Fótbrotin önd og rammflæktur fýll eru meðal fórnarlamba girnis við bakka Þingvallavatns. MYNDIR/DAVÍÐ ÞÓR ÓÐINSSON OG SÆVAR ÞÓR HALLDÓRSSON

Þjóðgarðurinn biður veiðimenn að hirða rusl eftir sig:

# Fuglar fastir í girni á Þingvöllum

**DÝRALÍF Borið hefur á því að fuglar í þjóðgarðinum á Þingvöllum hafa lent í ógöngum með því að flækjast í girni. Á sunnudaginn hafði fjölskylda samband við landvörð og tjáði honum að hún hefði fundið fugl fastan í girni við Vatnskot.**

**„Faðirinn hafði komið fuglinum til aðstoðar og losað hann úr mestu flækjunni áður en landvörður kom á staðinn. Utan um fót fuglsins, sem er toppandarkolla, var þéttvafið girni með veiðiflugu fastri á endanum. Kom síðar í ljós að öndin var fótbrotin,“ segir í frétt frá þjóðgarðinum.**

**Þá kemur fram að fyrr í sumar komu landverðir að fýl sem hafði gleypt agn sem fast var í girni. „Við það að reyna að leysa sig hafði hann flækt girnið utan um sig allan,“ segir í frétt þjóðgarðsins sem biður fyrir þau skilaboð til veiðimanna að taka alltaf girni með sér og henda því í ruslatunnur.** - gar

# Bæjarfulltrúi VG í Mosfellsbæ í þrot

Karl Tómasson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, snýr aftur í embætti forseta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar eftir að húsakaup fjölskyldunnar knúðu hann í gjaldþrot.

**STJÓRNMÁL** „Þetta er bara mikið áfall fyrir okkur eins og fyrir alla sem í svona lenda,“ segir Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og bæjarfulltrúi Vinstri grænna, en hann var úrskurðaður gjaldþrota í maí síðastliðnum. Hann snýr í dag aftur til starfa í bæjarstjórn.



**HARALDUR SVERRISSON**

Meðferð þrotabúsins lauk 1. október síðastliðinn en samkvæmt Lögbirtingablaðinu voru lýstar kröfur í bú hans alls 176 milljónir króna. Ekkert fékkst upp í kröfurnar.

„Gjaldþrot mitt er í sjálfu sér ekkert launungarmál. Ég hef ekki falið það fyrir neinum og er búinn að gera öllum grein fyrir stöðu mála,“ segir Karl en hann tók sér leyfi frá bæjarstjórn á meðan skiptastjóri leysti upp búið.

„Það sem gerðist var að við ákváðum að gera upp hús hér í Mosfellsbænum. Síðan fluttum við án þess að selja húsið áður,“ segir Karl. „Lánið fyrir nýja húsinu var svo í erlendri mynt.“

Hrunið skall á með öllum sínum þunga og skuldir Karls tvöfölduðust á örskömmum tíma.

„Þetta er bara ömurlegt,“ segir Karl um tilfinninguna að ganga í gegnum gjaldþrotið. „Það er ekki eins og ég hafi staðið í einhverju braski eða í hlutabréfakaupum,“ bætir hann við. „Ég lenti bara eins illa í því og mögulegt var.“ Spurður um hæfi sitt sem bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ svarar Karl: „Ég hef ekki logið neinn neinu, hvorki samstarfsmenn, vini né fjölskyldu.“



**MOSFELLSBÆR** Bæjarfulltrúi Mosfellsbæjar, Karl Tómasson, keypti nýtt hús fyrir myntkörfulán. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karl bætir við að hann sjálfur hafi heldur ekkert breyst. „Ég mun vinna áfram eins og ég hef gert og samstarfsmenn mínir treysta mér fullkomlega til þess að halda áfram,“ segir Karl.

Oddviti Sjálfstæðisflokksins og bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Haraldur Sverrisson, svarar aðspurður að Karl hafi tilkynnt samstarfsmönnum sínum strax í maí um stöðu mála. VG og Sjálfstæðisflokkurinn mynda meirihluta í Mosfellsbæ.

Haraldur segir að þá þegar hafi það verið kannað hvort Karli væri sætt í bæjarstjórn. Þá kom í ljós að hann yrði að taka sér leyfi frá skyldum sínum sem bæjarfulltrúi lögum samkvæmt á meðan hann færi í gegnum gjaldþrotameðferð.



**„Þetta er bara ömurlegt.“**

*Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.*

Honum væri síðan frjálst að taka sæti aftur eftir að skiptalok hefðu verið auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Aðspurður hvort bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins treysti Karli, svarar Haraldur: „Að sjálfsögðu. Við höfum átt í góðu samstarfi við hann og berum fullt traust til hans sem og annarra á lista VG.“

Karl tekur aftur sæti sem forseti bæjarstjórnar í dag.

valur@frettabladid.is

Ríkisendurskoðun ítrekar:

# Ríkið brást ekki nógu vel við

**STJÓRNSÝSLA Stjórnvöld brugðust ekki nægilega vel við fjórum af sex ábendingum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2010 um stuðning við atvinnu- og byggðaþróun.**

**Í tilkynningu frá Ríkisendurskoðun kemur fram að ekki hafi verið brugðist við ábendingum um að endurskoða þyrfti stefnumótun á þessu sviði, einfalda stuðningskerfið og efla eftirlit með því.**

**Þá hafi kostnaður og ávinningur af atvinnu- og byggðaþróunarkerfinu ekki verið greindur og framtíðarhlutverk Byggðastofnunar ekki ákveðið.** - bj

Var sleginn og skall í jörðina:

# Fékk málstol eftir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur 25 ára gömlum manni fyrir stórfellda líkamsárás á skemmtistað í Vestmannaeyjum í júlí í fyrrasumar.

Honum er gefið að sök að hafa slegið 22 ára mann þungu höggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann féll um blómapott og skall með höfuðið í jörðina.

Þolandinn hlaut skurð á höfði, heilablæðingu og mar á vinstri framheila, ásamt blæðingu í heilahimnu og „mállegt verkstol í munninum“. Hann krefst 860 þúsunda króna í bætur. - sh






Daði Freyr Kristjánsson dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir barnsrán:

# Rændi tveimur sjö ára telpum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Daða Frey Kristjánsson, 33 ára, í þriggja ára fangelsi fyrir að nema tvær sjö ára telpur á brott úr strætóskýli við verslun Krónunnar í Árbæ í janúar síðastliðnum, aka með þær að Rauðavatni og brjóta þar gegn þeim.

Daði Freyr var ákærður fyrir frelsissviptingu, kynferðisbrot gegn börnum og brot gegn 193. ákvæði hegningarlaga, sem kveður á um barnsrán. Hann játaði sök skýlaust og var sakfelldur fyrir alla ákæruliði.

Daði kom að máli við telpurnar þar sem þær sátu í strætóskýli við verslun Krónunnar í Árbæ, sagðist hafa séð þær hnupla sælgæti og að þær yrðu að koma með honum, ella mundi hann hringja á lögregluna.

Hann ók svo með þær á afvikinn stað við Rauðavatn, settist aftur í til þeirra, kyssti aðra þeirra á kinnina og þuklaði á þeim báðum utan klæða. Þegar þær brugðust illa við ók hann með þær aftur í Árbæinn og hleypti þeim út úr bílnum.

Daði Freyr er dæmdur til að greiða báðum telpunum 800 þúsund krónur í bætur. Hann sat í gæsluvarðhaldi í nokkra daga í janúar en hefur síðan gengið laus.

Telpurnar tvær hafa glímt við misalvarlegar afleiðingar brotanna síðan í janúar. Í samtali við Fréttablaðið segir faðir þeirrar sem verr varð úti dóttur sína hafa verið í meðferð hjá Barnahúsi og barna- og unglingageðdeild Landspítalans, hún þori ekki að sofa ein í herbergi, fái martraðir og verði skelkuð í myrkri. - sh



**VAR EFTIRLÝSTUR** Lögreglan lýsti eftir Daða með þessari mynd úr eftirlitsmyndavél Krónunnar.

# HAPPY BIRTHDAY JOHN & SEAN!

## We shall smile together when we stop all wars.

Yoko Ono býður gestum til Viðeyjar að kvöldi 9. október til að vera viðstaddir tendrun Friðarsúlunnar.

Fríar ferðir frá Skarfabakka frá kl. 18.00.

Ljósið verður tendrað kl. 20.00.

Yoko Ono invites you to Videy Island to take part in the lighting of IMAGINE PEACE TOWER.

Free ferry from Skarfabakka from 6pm.

The lighting will take place at 8pm.

i ii iii

I love you,
yoko

## SVONA ERUM VIÐ



**117 bandarískar bíómyndir voru sýndar í kvikmyndahúsum hér á landi á síðasta ári.**

**Það eru um 54 prósent af öllum myndum sem sýndar voru.**

Hlutfallið hefur lækkað verulega á síðustu fimm árum en bandarískar myndir voru 71 prósent mynda í kvikmyndahúsum árið 2007. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Nítján ára piltur dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur unglingsstúlkum:

# Þrjú ár fyrir að nauðga þrettán ára stúlku

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt nítján ára gamlan pilt í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum árin 2010 og 2012. Báðar stúlkurnar voru þá þrettán ára.

Í fyrsta lagi er pilturinn sakfelldur fyrir að hafa haft samræði við barn undir lögaldri, sem hann játaði. Hins vegar er hann dæmdur fyrir að hafa nauðgað bestu vinkonu frænku sinnar í samkvæmi á heimili vinar hans, vafasams brotamanns. Pilturinn fór með stúlkuna inn á baðherbergi og neyddi hana til munnmaka. Sjálfur neitaði hann sök, sagðist hafa haldið að stúlkan væri eldri og að hún hefði verið samþykk mökunum.

Dómurinn segir engan vafa leika á því að pilturinn hafi vitað að þessi besta vinkona frænku hans, sem hann var nýkominn úr afmæli hjá, væri þrettán ára.

„Voru atvik því með þeim hætti að fyrir tilstilli ákærða var brotaþoli, 13 ára grunnskólanemi, kominn inn í heim sem var henni með öllu ókunnugur og var til þess fallinn að valda henni ótta og bjargarleysi. Vegna þeirra aðstæðna sem voru í íbúðinni gat ákærði, að mati dómsins, ekki litið svo á að með því að brotaþoli fylgdi honum inn á baðherbergið hefði brotaþoli samþykkt að eiga við hann kynferðisleg samskipti,“ segir í dómnum.

Með þessu hafi hann brotið gróflega gegn stúlku á barnsaldri, sem hafi í kjölfarið glímt við alvarlegar andlegar afleiðingar þess og þurft að leggjast inn á sjúkrahús. Hann eigi sér engar málsbætur. Honum er gert að greiða þeim 800 þúsund krónur og 1,5 milljónir í bætur. - sh

### Nokkur sakaferill

Þrátt fyrir ungan aldur á pilturinn nokkurn brotaferil að baki, sem nær aftur til sextán ára aldurs. Þyngsti dómurinn var 18 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás, frelsissviptingu og brennu árið 2011.

Ítali fær sex mánaða dóm:

## Skilorð fyrir að mynda stúlku

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær tæplega fimmtugan ítalskan ferðamann í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að særa blygðunarsemi tólf ára stúlku á almenningssalerni í Laugardalslauginni í ágúst með því að taka myndskeið af henni á símann sinn þegar hún pissaði.

Maðurinn var einnig sakfelldur fyrir að hafa fleiri sambærilegar myndir af öðrum stúlkum á símanum sínum en sýknaður af því að hafa dreift þeim.

Maðurinn hafði þegar greitt stúlkunni bætur. Hann hefur sætt farbanni en fékk vegabréf sitt afhent í gær og mun fljótlega fara af landi brott. - sh

73 þúsund ferðamenn:

## Bandaríkjamenn flestir

**SAMGÖNGUR** **Samkvæmt gögnum Ferðamálastofu fóru 73 þúsund erlendir ferðamenn frá landinu um Leifsstöð í september. Ferðamennirnir voru 8.500 fleiri en í sama mánuði og í fyrra. Aukningin nemur rúmum 13 prósentum. Bandaríkjamenn voru fjölmennastir, eða tæp 16 prósent, og næstfjölmennastir voru Bretar eða 11 prósent. Fast á hæla þeirra fylgdu Þjóðverjar, en þeir voru 10,5 prósent. Þá komu Danir, Svíar og Frakkar.** - jme

### LEIÐRÉTTING

Í sérblaði um bíla í gær slæddist inn villa í tölum um selda bíla umboðanna í ár. Þar var rangt farið með fjölda bíla frá BL, en umboðið hefur selt 1.072 nýja bíla það sem af er ári, sala BL nemur 17,2% heildarsölunnar og er það nú næststærsta bílaumboð landsins. Sala bíla frá Brimborg var að sama skapi röng, en hún er 585 bílar, eða 9,4%.

# Fjórða hvert smábarn ekki bólusett í Eyjum

Fjórða hvert fjögurra ára barn er ekki bólusett í Vestmannaeyjum. Ástæður vanbólusetningar verða rannsakaðar í kjölfar nýrrar skýrslu frá sóttvarnalækni.

**HEILBRIGÐISMÁL** Í skýrslu um þátttöku í almennum bólusetningum árið 2012 frá sóttvarnalækni kemur fram að þátttakan er misjöfn eftir bóluefnum og eins eftir landsvæðum. Þátttakan er varhugaverð hvað varðar bólusetningar við tólf mánaða og fjögurra ára aldur.

Í Vestmannaeyjum eru til að mynda eingöngu 75 prósent fjögurra ára barna bólusett samkvæmt skýrslunni. Guðný Bogadóttir, yfirhjúkrunarfræðingur á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, segist ekki kannast við að foreldrar hafni bólusetningu.

„Mín reynsla er sú að þeir sem mæta í skoðun láti bólusetja börnin. Ég man eftir einu tilfelli þar sem bólusetningu var hafnað.“ Guðný segist bíða eftir nafnalista til að finna útskýringar á þessari tölu en af fyrri reynslu skýrist þetta væntanlega af flutningum og að bólusetning hafi ekki verið skráð í tölvukerfið.

Samkvæmt skýrslunni er hlutfall eins árs barna sem ekki hafa verið bólusett hæst á Suðurlandi og Suðurnesjum eða 19 prósent. Hlutfall fjögurra ára barna sem ekki hafa verið bólusett er hæst í Vestmannaeyjum eða 25 prósent og á Suðurlandi og Suðurnesjum þar sem 23 prósent barna hafa ekki verið bólusett.

Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnasviði Landlæknisembættisins, segir að nýr bólusetningargrunnur veiti einstakt tækifæri til að rannsaka ástæður vanbólusetningar. Það taki þó smá tíma að vinna úr niðurstöðunum. „Næsta verkefni er að senda nafnalista á heilsugæslurnar og rannsaka í samstarfi við þær hvort foreldrar séu í auknum mæli að hafna bólusetningu, hvort um misskráningu sé að ræða eða til dæmis boðuð forföll og foreldrar gleymi svo að mæta seinna,“ segir Þórólfur. erlabjorg@365.is



**BÓLUSETNING** Þátttaka í bólusetningum er að mestu leyti ásættanleg nema hvað varðar bólusetningar við tólf mánaða og fjögurra ára aldur. NORDICPHOTOS/GETTY

### Bólusetningar eru ákveðin móðursýki

Eiríkur Gunnarsson og kona hans eiga fjögur börn og hafa yngstu börnin ekki farið í hefðbundnar bólusetningar. „Fyrir okkur fjallar þetta um traust til þess sem er ætlað að gerast. Inn í þetta fléttast ákveðin trú eða lífssýn um að það séu ákveðnar hindranir í lífinu sem maður fær ekki umflúið. Ef maður fær ekki þessa sjúkdóma þá fær maður eitthvað annað. Bólusetningar eru að mínu mati ákveðin móðursýki og inngrip í líkamann sem fyrir svona ung börn er alltof mikið og hreinlega áhættusamt. Við notuðum heilbrigða skynsemi og mátum hverjar áhætturnar væru með hvoru tveggja, því það er margt sem bendir til að það sé áhættusamt að bólusetja, og mátum það sem svo að bólusetningar væru meiri áhætta en að sleppa þeim,“ segir Eiríkur.

### Bólusetning ekki skaðleg

Af heimasíðu embættis Landlæknis: Af og til berast fréttir af skaðlegum afleiðingum bólusetninga sem ekki eiga við rök að styðjast en eru til þess fallnar að draga úr tiltrú almennings á bólusetningum. Þegar þeir sjúkdómar hverfa úr samfélaginu sem bólusett er gegn er hætt við að fólk gleymi þeim afleiðingum sem sjúkdómarnir höfðu. Athyglin beinist þá að hugsanlegum aukaverkunum sem bólusetningar kunna að hafa. Allar ábendingar um hugsanlegar skaðlegar afleiðingar bólusetninga eru teknar alvarlega og sérstaklega kannaðar.



**Á VETTVANGI HARMLEIKS** Talið er að um 350 manns hafi látist þegar skip fullt af flóttafólki fórst út af eyjunni Lampedúsu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landamæraeftirlit ESB:

## Öryggisbætur eftir harmleik

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt til við aðildarríki sambandsins að sameiginlega landamæraeftirlitið, Frontex, verði eflt á Miðjarðarhafi til að koma í veg fyrir að harmleikurinn við Lampedúsu endurtaki sig. Í síðustu viku fórst á fjórða hundrað flóttamanna með skipi sem átti að ferja um 500 manns frá Líbíu.

Cecilia Malmström, framkvæmdastjóri innanríkismála, bar tillögu um aukinn kraft í leitar- og björgunarstarf á Miðjarðarhafi undir ráðherraráð ESB í gær. - þj

Tillaga til þingsályktunar:

## Broskarlar teknir upp



**ALÞINGI** **Þingmenn Bjartrar framtíðar flytja tillögu um að fela landbúnaðarráðherra að undirbúa lagafrumvarp svo taka megi upp gæðamerkið „broskarlinn“ hjá matvælafyrirtækjum. Í greinargerð með tillögunni segir að með broskarlakerfinu verði neytendur upplýstir um heilbrigðisástand veitingastaða, ísbúða, bakaría og annarra staða sem selja matvæli.** - jme


## Viltu stofna fyrirtæki?

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**

**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjud 15., 22. og 29 okt kl. 16:10 – 19:00**
**Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is**



Námskeiðsstaður er Holtasmári 1, 6. hæð, Kópavogi (Hjartverndarhúsið).

Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

Námskeiðsgjald er 40.000 kr. og greiðist við skráningu.

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 552-6090 eða á lexista@lexista.is**

Lexista

**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.**


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNAR** Vaxandi SV-læg átt NV-til síðdegis og verður allhvasst þar á morgun. Bjart á V-verðu landinu í dag en fer að rigna á morgun. Hlýnar töluvert í veðri á morgun, hiti 5-12 stig á morgun og fimmtudag.




**Á morgun**
10-18 m/s NV- og V-til, annars hægari




**Fimmtudagur**
10-16 m/s V-til, annars hægari

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Billund | 14° | Gautaborg | 15° | London | 16° | Orlando | 29° | San Francisco | 18° |
| Basel | 22° | Frankfurt | 17° | Kaupmannahöfn | 15° | Mallorca | 28° | Ósló | 16° | Stokkhólmur | 15° |
| Berlín | 15° | Friedrichshafen | 17° | Las Palmas | 26° | New York | 18° | París | 18° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Jóhann Ólafsson & Co - umboðsaðili OSRAM á Íslandi frá árinu 1948





# SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI með OSRAM

Friðarsúla Yoko Ono í Viðey verður tendruð á ný í dag. Friðarsúlan er samansett úr níu 7000 W OSRAM XBO perum sem mynda sterka ljóssúlu til himins. Auk þess eru sex 2000 W OSRAM XBO perur sem lýsa lárétt inn göng sem vísa að ljósbrunninum sjálfum og er endurkastað upp á við með speglum innan í brunninum. Þéttleiki ljóssins er háður sífelldum breytingum á ögnum í andrúmsloftinu sem hegða sér í takt við margbreytilega veðráttu sem einkennir Ísland.

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI OSRAM

Jóhann Ólafsson & Co. | Krókhálsi 3 | sími 533-1900 | www.olafsson.is

Hönnun: Jóhann Ólafsson & Co. | Ljósmyndun: Snæþór Halldórsson (efri mynd) og Georg Theodórsson (neðri mynd)

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað skulda sóknir á suðvesturhorninu mikið?
**2.** Hvaða stjórnmálaflokkar mynda ríkisstjórn í Noregi?
**3.** Hvað heitir tríóið sem Mugison, Jónas Sig og Ómar Guðjónsson hafa stofnað?

**SVÖR:**
**1.** Yfir þrjá milljarða.
**2.** Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn.
**3.** Drangar.

Viðgerð tókst á sneiðmyndatæki eftir að bæði tæki Landspítalans biluðu:

# Leitað til einkaaðila í neyð

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum með neyðarplan ef tækið bilar aftur," segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum. Bæði tölvusneiðmyndatæki sjúkrahússins voru biluð í gær.

Tölvusneiðmyndatækið á Landspítala Hringbraut komst í lag í gærkvöldi en það bilaði um miðjan dag. Nokkurra ára sambærilegt tæki í Fossvogi hafði verið bilað í fimm daga. Vonast er til að tækið í Fossvogi komist í lag í dag. Á meðan tækið í Fossvogi er bilað eru sjúklingar fluttir til myndatöku á Landspítala við Hringbraut.

Ólafur segir að boðað hafi verið til skyndifundar með stjórnendum bráðamóttöku, röntgendeildar og gjörgæsludeildar í gær. Á þeim fundi var sett upp áætlun sem tryggði að þeir sjúklingar sem þyrftu tölvusneiðmyndatöku án tafar fengju hana í Orkuhúsinu, þar sem eru einkareknar læknastofur. Tveir sjúklingar þurftu á þessari þjónustu að halda í gær á meðan bæði tækin voru biluð. „Gerðar voru ráðstafanir til þess að tryggja öryggi sjúklinga eins og unnt var við þessar óvenjulegu aðstæður," segir Ólafur. **-jme**



**BILUÐ TÆKI** Ekið er með sjúklinga milli spítalabygginga í myndatökur.

Nýtt hótel í Öræfum:

# Lúxushótel á Hnappavöllum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fosshótel áforma smíði lúxushótels við Hnappavelli í Öræfasveit fyrir einn og hálfan milljarð króna. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist fljótlega eftir áramót og að hótelið hefji rekstur vorið 2015.

Þetta verður fyrsta fjögurra stjarna hótel Suðausturlands og ein mesta atvinnuuppbygging í sögu héraðsins. Bændur á Hnappavöllum hafa samið við eigendur Fosshótela um að leggja til land undir hótelið. **-kmu**

Ráðherra um lyklafrumvarp:

# Erfitt að reikna með afturvirkni

**ALÞINGI Erfitt er að setja afturvirk lyklalög sem gagnast þeim sem nú skulda meira en verðmæti eigna sinna, sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra á Alþingi í gær.**

**Innanríkisráðherra hefur ásamt félagsmálaráðherra unnið að því að undirbúa lyklafrumvarp. Markmiðið er að þeir sem skulda meira en andvirði húsnæðis síns geti skilað lyklunum og sloppið undan skuldunum.**

**Hanna Birna sagði á Alþingi í gær að flestir lögmenn teldu afar erfitt að hafa slík lög afturvirk en ráðherrarnir væru ekki komnir að lokaniðurstöðu. Hún yrði afhent ráðherranefnd um skuldir heimilanna í næstu eða þarnæstu viku.** **-bj**

Evrópuþingið setur nýja línu:

# Vill herða tóbaksreglur

**BRUSSEL** Evrópuþingið samþykkti í gær drög að tilskipun sem mun herða til muna reglurverk um sölu á tóbaki. Meðal annars kveða þau á um að 65% af umbúðum verði viðvörun vegna heilsuspillandi áhrifa tóbaksneyslu, bannað verði að selja færri sígarettur en tuttugu í hverjum pakka og að bannað verði að bæta bragðefnum í tóbak.

Drögin ganga þó skemur en framkvæmdastjórn ESB vildi gera þar sem meðal annars var tekið út bann á sölu mjórra sígaretta. Málið fer næst til ráðherraráðs ESB og gæti breyst í meðförum þess.

Hluti tilskipunarinnar fellur undir EES-samninginn og myndi hafa áhrif hér á landi, meðal annars varðandi merkingar á pökkum. **-bj**

# Möguleiki á því að kirkjur fari í þrot

Í skýrslu til innanríkisráðherra á síðasta ári kom fram að gjaldþrot blasir við kirkjum vegna mikillar skuldsetningar. Formaður fjárhagsnefndar segir skuldavandann viðvarandi næstu ár. Helstu skuldir eru tilkomnar vegna uppbyggingar.

**FJÁRMÁL** „Það er alveg möguleiki," segir Svana Helen Björnsdóttir, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, aðspurð hvort það sé raunverulegur möguleiki á að kirkjur fari í gjaldþrot hér á landi vegna þungrar skuldabyrði.

Í skýrslu nefndar innanríkisráðherra til þess að meta afleiðingar niðurskurðarins, sem var kynnt á miðju síðasta ári, sagði orðrétt: „Í mörgum tilvikum, einkum þar sem söfnuðir eru mjög skuldsettir, mun þetta ekki duga og jafnvel þótt helgihald, boðun og fræðsla yrðu dregin saman svo sem kostur er [staðan] þannig að við slíkum söfnuðum blasir ekkert annað en gjaldþrot."



**SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR**

Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að skuldir sókna á suðvesturhorninu væru nokkuð yfir þrjá milljarða. Að sögn Svönu er helsta ástæða mikillar skuldasöfnunar safnaða viðhaldskostnaður og uppbygging fyrir hrun. Skuldugasta kirkja landsins, Grafarvogskirkja, skuldar um 600 milljónir króna og er skuldin tilkomin vegna kostnaðar við uppbyggingu. Þá skuldar Grensáskirkja um 300 milljónir króna.

Aðspurð hvort um óábyrga skuldasöfnun sé að ræða hjá kirkjunum svarar Svana Helen: „Í sóknunum situr fólk sem hefur tekið ákvarðanir um framkvæmdir, sem það metur eftir bestu getu, og áætlar kostnað eftir því en í hruninu varð forsendubrestur."



**FRAMKVÆMDIR** Langholtskirkja er verulega illa stödd eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Safnaðarheimilið er sambyggt kirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún bendir á að ríkið hafi til að mynda haldið eftir hluta sóknargjaldanna og skorið niður hjá þjóðkirkjunni með þeim hætti að kirkjur hættu að geta staðið undir skuldum sínum.

Það gerir það að verkum að skuldir margar safnaða hafa snarhækkað og nú er svo komið, að sögn Svönu, að það á eftir að taka kirkjur mörg ár að vinna sig almennilega út úr vandanum.

„Flestar sóknir sem eru skuldsettar eru í viðræðum við bankana um skuldbreytingarnar og allir fjármunir sóknanna fara í þessar skuldir," segir Svana. „Staðan er mjög alvarleg og skuldavandi kirkna verður viðvarandi næstu ár," segir hún.

Samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir hærri sóknargjöldum, auk þess sem áformað er að hækkun heildarfjárveitingar til kirkjunnar verði 44,5 milljónir króna.

valur@frettabladid.is



**GRÓÐUR** Íbúar eru hvattir til að snyrta gróður við lóðarmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gróður stöðvar snjóruðning:

# Íbúar snyrti gróður við stíga

**REYKJAVÍK** Dæmi eru um að trjágróður sem vex út á göngustíga hafi valdið því að ekki hafi verið hægt að ryðja snjó af stígunum. Gróðurinn getur valdið hættu og skemmdum á snjóruðningstækjum.

Við eftirlit með stígum borgarinnar í síðasta mánuði fundu starfsmenn borgarinnar um 1.500 staði þar sem líklegt er að gróður hindri för snjóruðningstækja.

Samkvæmt byggingarreglugerð má gróður ná út fyrir lóðarmörk en aðeins í yfir 2,8 metra hæð yfir göngustígum og 4,2 metra hæð yfir akbrautum. **-bj**

Higgs og Englert:

# Fá Nóbel fyrir Guðseindina

**SVÍÞJÓÐ Peter Higgs og François Englert hljóta Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði í ár, en valnefnd sænsku vísindaakademíunnar tilkynnti um valið í gær.**

**Þeir hljóta verðlaunin fyrir tilgátur sem þeir lögðu fram hvor í sínu lagi á sjöunda áratugnum, þar sem gert var ráð fyrir ófundinni bóseind sem réði efnismassa öreinda. Bóseindin var síðar kennd við Higgs en hún er einnig kölluð guðeindin.**

**Tilvist hennar var aðeins fræðileg þar til í fyrra þegar vísindamenn gátu með notkun CERN-öreindahraðalsins með vissu fullyrt að hún væri sannarlega til.** **-bj**







# **WOW air** leitar að 28 flugmönnum

Með flugrekstrarleyfi munu flugmenn starfa undir merkjum WOW air. Ráðning flugmanna er liður í auknum umsvifum félagsins en um er að ræða framtíðarstörf á nýlegum A321 og A320 vélum WOW air.

**WOW air** hyggst fljúga til átján áfangastaða bæði í Evrópu og Norður Ameríku frá og með næsta vori.

## Flugstjórar skulu hafa:

- Gilt atvinnuflugmannsskírteini, 1. flokks (ATPL/A).
- Gilt Heilbrigðisvottorð, 1. flokks.
- Enskukunnátta, 4. stig – að lágmarki.
- Lágmarks flugtímar
  - I 5.000 flugtímar, þar af 500 tímar sem flugstjóri á þotu.
  - II 3.000 flugtímar, þar af 1.000 tímar sem flugstjóri á þotu.
  - III 2.500 flugtímar, þar af 500 tímar á Airbus A320 fjölskyldunni.

## Aðstoðarflugmenn skulu hafa:

- Gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun fyrir tveggja hreyfla flugvél.
- Lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks og hafa lokið námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC).
- Enskukunnátta, 4. stig – að lágmarki.
- Að lágmarki 500 flugtímar

## Með umsókn skal fylgja:

- Afrit af flugmannsskírteini, gefið út af Samgöngustofu eða öðru aðildarríki flugöryggissamtaka Evrópu (EASA)
- Heilbrigðisvottorð
- Prófskírteini, ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugnám
- Nýtt sakavottorð
- Afrit af tveimur síðustu blaðsíðum í flugdagbók
- Ferilskrá með upplýsingum um fyrri störf og eftirfarandi sundurliðun á flugtímum:
  - I Heildarflugtími
  - II Flugtími sem flugstjóri
  - III Flugtími á fjölhreyfla flugvél
  - IV Flugtími á fjölstjórnunarflugvél (MPA)
  - V Flugtími á þotu eða skrúfuþotu.
- Einnig er mikill kostur að hafa ævintýraþrá, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Kíktu inn á **flugmenn.wow.is** og tékkaðu á okkur **>>** Umsóknarfrestur er til og með **23. október** n.k.

**Við fljúgum til** >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> **í allan vetur**

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

WOW air

Viðskiptastefna verði mótuð:

# Fátækir borga hærra vöruverð

**ALÞINGI** „Ástandið í dag er skattur á fátækt fólk. Þeir sem hafa ekki efni á að fara til annarra landa til að versla sitja uppi með hærra vöruverð,“ segir í greinargerð með þingsályktunartillögu sem fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja um mótun viðskiptastefnu Íslands. Samkvæmt henni álykta Alþingi að fela ráðherra að móta viðskiptastefnu sem hafi að markmiði að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð. **- jme**

Formaður borgarráðs, Dagur B. Eggertsson, tekur undir að Sundabraut henti í einkaframkvæmd:

# Öskjuhlíðargöng einnig inni í myndinni

**SAMGÖNGUR** Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir koma til greina að setja Sundabraut í einkaframkvæmd. Kostirnir á höfuðborgarsvæðinu séu hins vegar fleiri því Öskjuhlíðargöng gætu líka hentað vel.

Dagur setur þann fyrirvara að veggjald verði að vera hóflegt. „Við viljum sjá hvað veggjöld eiga að standa undir stórum hluta kostnaðar og hversu dýrt verður fyrir íbúa að nota Sundabraut,“ segir hann og bætir við að hann sé ekki viss um að fólk sé tilbúið að greiða mörg þúsund krónur fyrir að fara um Sundabraut en sé gjaldið hóflegt gæti þetta gengið. Hann bendir á að reynslan af Hvalfjarðargöngum sé ágæt.

Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lýst því yfir að hann telji vel koma til greina að setja Sundabraut í einkaframkvæmd.

Innanríkisráðherra hefur lýst þeirri skoðun sinni að Vegagerðin eigi að kanna hvaða vegaframkvæmdir séu ákjósanlegar í einkaframkvæmd.

Vegamálastjóri hefur nefnt sem dæmi að Sundabraut gæti hentað vel í slíkt. **- jme, jjk**



**DAGUR B. EGGERTSSON** Formaður borgarráðs segir að veggjöld verði að vera hófleg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MEISTARI MANKELL

*Síðasta Wallander-bókin!*




„[Mankell] er meistari þeirrar listar að smíða grípandi, hugvitssamlega fléttaðar lögreglusögur…“

BUSINESS WEEK

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*

GLÆNÝ LÚÐA 2.990 kr/kg

LAXAFLÖK AÐEINS 1.990 kr/kg

20% afsláttur af humri

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

OPIÐ MÁNUD. - FÖSTUD. KL. 9 - 18.15

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

# Styrktist sjálf með því að hjálpa öðrum

Helga Hallbjörnsdóttir, formaður mannúðarsamtakanna Handarinnar, opnar heimili sitt fyrir þeim sem eru hjálparþurfi. Veit sjálf hvernig það er að þjást af kvíða, þunglyndi og örlyndi. Styrkir til samtakanna hafa verið skornir niður.

„Ég er sjálf með geðhvörf og veit hvernig þeim líður sem þjást af kvíða, þunglyndi eða örlyndi. Mér fannst þetta verðugt starf og ákvað að bjóða samtökunum aðstoð mína.“ Þetta segir Helga Hallbjörnsdóttir, formaður mannúðar- og mannræktarsamtakanna Handarinnar.

„Við styðjum þá sem til okkar leita og þurfa aðstoð við að feta skref til nýs lífs eftir ýmis áföll. Við förum einnig í heimsóknir til fólks, einkum aldraðra, og á sjúkrahús. Margir glíma við einsemd eða félagsfælni og við reynum að gera þeim lífið bærilegra. Yngri skjólstæðingar koma heim til okkar. Í sumum tilfellum leitar fólk sjálft til okkar en í öðrum er okkur bent á að viðkomandi þarfnist hjálpar eða félagsskapar,“ segir Helga.

Samtökin Höndin voru stofnuð árið 2005, að því er Helga greinir frá. „Eyjólfur Magnússon Scheving, kennari og atferlisfræðingur, stofnaði Höndina ásamt nokkrum vinum sínum. Hann hafði verið á Reykjalundi og sá þar mann sem komst varla skrefið. Þessi maður þráði að komast í vinnu en taldi það vonlítið vegna heilsufars síns. Eyjólfur, sem er mikill mannvinur, gat útvegað honum starf. Þetta var upphafið að stofnun samtakanna þar sem nú eru á annað hundrað félagar.“

Helga segir aðeins einn starfsmann vera á launum hjá samtökunum. Aðrir séu sjálfboðaliðar. „Þetta er fjármagnað með styrkjum frá einstaklingum, ríki og borg en það hefur verið erfitt að fá styrki núna vegna niðurskurðar. Þetta er eiginlega á heljarþröm. Áður héldum við reglulega málþing um ýmis málefni en nú getum við bara haldið jólafund. Þá verða fyrirlestrar haldnir og boðið upp á piparkökur.“

Höndin heldur einu sinni í viku sjálfstyrkingarfundi í Áskirkju. „Þeir eru ekki bara fyrir þá sem líður illa af einhverjum ástæðum heldur einnig fyrir þá sem vilja bara styrkja sitt eigið sjálf, láta gott af sér leiða og hjálpa öðrum í vanda. Það er ekki nauðsynlegt að tjá sig á fundunum heldur velur hver og einn hvort hann vill taka þátt í umræðum eða ekki. Það þarf ekki að greiða fyrir þátttöku. Eina skilyrðið er að menn haldi trúnað.“

Sjálf kveðst Helga hafa styrkst af starfinu fyrir Höndina, sem fékk samfélagsverðlaun Fréttablaðsins árið 2009.

**ibs@frettabladid.is**



**SJÁLF MEÐ GEÐHVÖRF** Helga Hallbjörnsdóttir, formaður Handarinnar, segir samtökin reyna að gera öðrum lífið bærilegra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Rekstrarstjóri vöruhúss BAUHAUS




Vilt þú stjórna stærstu verslun sinnar tegundar á Íslandi?

BAUHAUS í samstarfi við Hagvang leitar að öflugum og reyndum leiðtoga til að stýra áframhaldandi sókn BAUHAUS á Íslandi.

Upplýsingar veitir Sverrir Briem - sverrir@hagvangur.is

Fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum svarað.
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. október

HAGVANGUR

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# 84"

**LG 84"**
**Ultra HD TV**
**Cinema 3D**
**Smart TV**

**Verð:**
**3.999.995**




LG
Life's Good

# Komdu og skoðaðu stærsta sjónvarp landsins

- Ultra HD 4k (Full HD x4)
- Upplausnin er 3840x2160
- 800Hz
- Cinema 3D
- Smart TV
- Dual Play

- Innbyggt Wi-Fi
- 2.2 Surround System með 2x 15w innbyggðum subwoofer
- 4x HDMI 1.4
- MHL
- Simplink

- WiDi
- DLNA
- Browser
- Magic remote með raddstýringu
- 7x 3D gleraugu fylgja

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132893






Skattlagnin á þrotabú „framkvæmdarlegt atriði“ segir fjármálaráðherra:

# Stangast ekki á við stjórnarskrá

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra efast ekki um lögmæti þess að skattleggja þrotabú föllnu bankanna, þau falli skýrt undir þá skilgreiningu að vera fjármálafyrirtæki.

Undanþága fyrir fyrirtæki í slitameðferð um að á þau falli ekki sérstakur bankaskattur var felldur úr gildi í fjárlögum næsta árs. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, sagðist í kvöldfréttum RÚV á mánudag efast um skattheimtuna. Þrotabúin væru ekki fjármálafyrirtæki og skattstofninn óljós.


BJARNI BENEDIKTSSON

„Þetta eru fjármálafyrirtæki í slitameðferð,“ sagði Bjarni í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. Svo virtist sem hugsunin hefði verið sú að án undanþágunnar myndi skatturinn leggjast á slík fjármálafyrirtæki.

Sagði Bjarni ljóst hverjar samþykktar kröfur væru og að hægt væri að leggja skattinn á þær. Skattlagningin brjóti ekki í bága við stjórnarskrá. Aðeins sé um að ræða 11 miljarða króna af heildareignum þessara fyrirtækja sem séu um 2.500 til 3.000 milljarðar. Ekki sé nokkur leið að tala um eignaupptöku í því samhengi.

Reiknað er með að skatturinn muni færa ríkissjóði 11,3 milljarða á næsta ári.

- hh, skó



**GREIÐSLUFRESTUR** Íslendingar greiða almennt sama verð hvort sem þeir fá greiðslufrest með því að nota kreditkort eða staðgreiða með reiðufé eða debetkorti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill lægra vöruverð gegn staðgreiðslu

Verslanir geta auglýst staðgreiðsluverð og lagt álag á þá sem nota kreditkort verði frumvarp stjórnarþingmanna að lögum. Ætti að lækka vöruverð um eitt til tvö prósent segir flutningsmaður. Forstjóri Borgunar segir kostnað fylgja seðlunum.

**ALÞINGI** Með einfaldri lagabreytingu sem heimilar verslunum að innheimta gjald af þeim sem nota kreditkort gætu heildarútgjöld íslenskra heimila lækkað um allt að fimm milljarða króna á ári, um 30 til 50 þúsund krónur á hvert heimili, segir Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Frosti er fyrsti flutningsmaður þingmannafrumvarps sem lagt hefur verið fram á Alþingi þar sem mælt er fyrir slíkri breytingu. Auk fjölmargra þingmanna Framsóknarflokks standa tveir þingmenn Pírata og einn þingmaður Sjálfstæðisflokks að frumvarpinu.

„Í dag er þetta þannig að 20 daga greiðslufrestur er í raun innifalinn í vöruverðinu, hvort sem greitt er með kreditkorti eða staðgreitt. Það er ekki ókeypis,“ segir Frosti.

Hann segir kaupmenn í raun til neydda til að velta kostnaði við það að sumir kjósi að greiða með kreditkortum yfir í verðlagið um leið, og þar með hækkar verðið einnig fyrir þá sem kjósi að staðgreiða með reiðufé eða debetkortum.

„Valið að staðgreiða er í raun tekið af neytendum og niðurstaðan sú að það er hvati til að taka hluti að láni,“ segir Frosti.

Hann segir að verði frumvarpið að lögum megi búast við að vöruverð lækki um eitt til tvö prósent. Það muni hafa áhrif á verðbólguna og gæti lækkað skuldir heimilanna um 14 milljarða króna miðað við eins prósents lækkun á vöruverði. Það geri um 300 þúsund krónur á hvert skuldsett heimili að meðaltali.

„Verði frumvarpið að lögum geta söluaðilar auglýst staðgreiðsluverð sem hið almenna verð. Staðgreiðsluverð mun bjóðast þeim sem staðgreiða með debetkorti eða reiðufé. Aðeins þeir sem greiða með kreditkorti munu greiða álag,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Þar segir að verslunum beri að upplýsa viðskiptavini sína um álagið, sem verði að vera í samræmi við áætlaðan kostnað verslunarinnar af lánaviðskiptunum, líklega á bilinu eitt til þrjú prósent eftir atvikum.

## Varar við því að draga úr kortanotkun



„Þetta frumvarp mun engin áhrif hafa á Borgun þótt það verði að lögum,“ segir **Haukur Oddsson**, forstjóri Borgunar. Hann segir orðalag frumvarpsins falla fullkomlega að skilmálum fyrirtækisins, Borgun geri engar kröfur um að verslanir hafi sama verð fyrir þá sem staðgreiða og þá sem kjósa að nota kreditkort.

Ísland er í dag það ríki sem er með langsamlega minnst magn peninga í umferð og Haukur varar við öllum tilraunum til að draga úr notkun greiðslukorta. Það sé ekki bara vont fyrir Borgun og önnur kortafyrirtæki heldur fyrir alla landsmenn. Það kalli á aukið magn seðla í umferð sem hafi eitt og sér umtalsverðan kostnað í för með sér. Seðlarnir beri enga vexti í veskinu ólíkt peningum sem séu geymdir í banka þar til þeir eru notaðir, auk þess sem kostnaður banka og verslana við að nota reiðufé sé umtalsverður.



> Valið að staðgreiða er í raun tekið af neytendum og niðurstaðan sú að það er hvati til að taka hluti að láni
>
> *Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.*

Frosti óttast ekki að kaupmenn haldi verðinu óbreyttu og bæti ofan á það álagi fyrir kreditkortanotendur. „Þeir sem eru í samkeppni munu lækka verðið.“

brjann@frettabladid.is


PLANKA
HARÐPARKET
FYRIR SUMARHÚS,
HEIMILI OG HÓTEL
Náttúrulegt og ótrúlega sterkt
Verð frá 2.490 kr. m²
kronotex
FLOORS FOR LIVING
30 ára ábyrgð
Þekking og persónuleg þjónusta
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Verðlagseftirlit ASÍ:

## Ávextir hækka mikið í verði

**MATVARA** Samkvæmt nýrri verðkönnun Alþýðusambands Íslands hafa ávextir og grænmeti hækkað um allt að 66 prósent frá sambærilegri könnun sem gerð var fyrir ári. Hækkunin á þessum vörum er talsvert meiri en á öðrum vöruflokkum. Sem dæmi um aðrar hækkanir má nefna að KEA skyrdrykkur hefur hækkað um eitt til fimmtán prósent, Swiss miss með sykurpúðum um 5 til 25 prósent og rófur um 13 til 45 prósent. - jme

Félag vélstjóra og málmtæknimanna vill ræða við einstök fyrirtæki en ekki Samtök atvinnulífsins:

# Tekur ekki þátt í samræmdri launastefnu

**SAMNINGAR** „Samræmd launastefna er eitthvað sem við ætlum ekki að taka þátt í,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna. Því ætli félagið ekki að vera í samfloti við önnur félög innan ASÍ um gerð kjarasamnings.

Guðmundur segir að félagsmenn VM vilji ræða við fulltrúa fyrirtækja í málm- og tæknigreinum án miðstýringar Samtaka atvinnulífsins.

Félagar innan VM telja að þeir hafi orðið fyrir kjararýrnun síðustu misseri. Frá hruni sé ekki merkjanleg hækkun á launum í vél- og málmiðnaðargreinum. Þetta hafi gerst þrátt fyrir að skortur hafi verið á starfsfólki í þessum greinum. Vél- og málmtæknigreinar séu með mikilvægustu þjónustugreinum við undirstöðuútflutningsgreinar þjóðarinnar, sem allar hafi styrkst frá hruni og ættu því að vera færar um að greiða hærri laun.

Guðmundur segir að lítil nýliðun hafi orðið í stéttinni undanfarin ár. Það séu fáir sem leggja stund á nám í þessum greinum. Hann segir að ein ástæða þess sé að kjörin séu ekki nógu góð. - jme



**VILJA SEMJA SÉR** Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, segir að laun félagsmanna hafi ekki hækkað frá hruni. Hann hafnar miðstýringu Samtaka atvinnulífsins.



**HVALASAFNIÐ** Aðsóknin í sumar var framar vonum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjórðungi fleiri í Hvalasafn:

## Hafa fengið 25 þúsund gesti

**FERÐAMENN** 25 þúsundasti gestur ársins kom í Hvalasafnið á Húsavík í gær. Í fréttatilkynningu segir að aðsókn í safnið í sumar hafi verið vonum framar og gestum hafi fjölgað um tæp 25 prósent.

Einu sinni áður hefur gestafjöldinn farið yfir 25.000 og var það árið 2009. Í tilefni af þessum áfanga býður Hvalasafnið 20 prósenta afslátt af miðaverði út árið. Alessandro Fossati og Monica Canova frá Ítalíu voru gestir númer 25.000 og hlutu þau bókagjöf og frímiða á safnið. - skó

Ökumaður í fangelsi:

## Sagðist hafa gleypt dópið

**DÓMSMÁL** Kona var í gær dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í 30 daga óskilorðsbundið fangelsi og svipt ökuréttindum ævilangt fyrir að aka undir áhrifum amfetamíns og án ökuréttinda. Konan, sem er 28 ára, sagðist hafa gleypt amfetamínið er lögregla stöðvaði hana svo það fyndist ekki í fórum hennar. Lögreglumenn báru að um tíu sekúndur hefðu liðið frá því þeir stöðvuðu lögreglubílinn þar til þeir komust að bíl konunnar.

Dómurinn taldi skýringar konunnar einkar ósennilegar. - fbj

# Sprengisandslína á lítið að sjást frá nýjum hálendisvegi

Landsnet, Vegagerðin og viðkomandi sveitarfélög vinna saman að hönnun og legu stæða fyrir bæði háspennulínu og veg á svonefndri Sprengisandsleið. Vegurinn á að nýtast ferðamönnum og línan að sjást sem minnst.

**IÐNAÐUR** Gangi áætlanir eftir verður Sprengisandslínu Landsnets nær hvergi að sjá frá fyrirhuguðum Sprengisandsvegi.

„Sprengisandslína hefur um langan tíma verið inni á skipulagi og var sett inn í samræmi við hugmyndir sem þá voru í gangi um veg yfir Sprengisand. Síðan eru komnar breyttar áherslur þannig að á hefur komist samstarf milli nokkurra aðila um nýja útfærslu á Sprengisandslínu,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

Nýju áherslurnar séu í þá átt að nýi vegurinn verði „ferðamannavegur“ og það hafi kallað á ákveðnar tilfærslur á honum. „Samhliða því höfum við verið að skoða flutningslínuna og færa til staðsetningu hennar til að draga úr sjónrænum áhrifum línunnar,“ segir Guðmundur Ingi.

Þessi vinna segir hann að hafi tekist nokkuð vel og að línan verði jafnvel ekki sjáanleg frá veginum á löngum köflum. „Og í öðrum tilvikum ber hana við landið þannig að hún sést illa og ber mjög sjaldan við himin. Hún þverar veginn ekki nema að mjög takmörkuðu leyti, tvisvar sinnum ef ég man rétt.“

Guðmundur Ingi segir skipulagsvinnu fyrir syðri hluta línunnar langt komna. Norðan megin sé vinnan eitthvað skemur á veg komin en á heildina litið sé verkið nokkuð langt komið. „Í framhaldinu förum við svo á næsta ári að huga að mati á umhverfisáhrifum fyrir línuna og setja í þennan hefðbundna farveg.“



**GUÐMUNDUR INGI ÁSMUNDSSON**



**HREINN HARALDSSON**

Eftir því sem Guðmundur best veit er þetta í fyrsta sinn sem jafn viðamikið samstarf hefur tekist um verkefni sem þetta. „Þarna erum við líka að beita nýjustu aðferðum sem við höfum við að fella línuna betur að landinu.“ Til þessa hafi vinnulagið alla jafna verið þannig að vegur hafi verið kominn og Landsnet svo þurft að laga sig að honum við línulögnina.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir Landsnet helddur lengra komið í fyrirætlunum um raflínu yfir Sprengisand en Vegagerðin í áætlunum um nýjan veg. „Það eru hvorki fyrirhugaðar fjárveitingar í þetta né hafa verið teknar ákvarðanir um hvenær svona mannvirki kæmi eða hvernig það yrði,“ segir hann. „Þarna er bara verið að nota tímann og stilla saman strengi þannig að þeir séu ekki að leggja slóða sem ekki myndu henta okkur þegar fram líða stundir.“



**HÁSPENNUMÖSTUR** Möstur sem þessi hér á Hellisheiði þykja óvíða prýði í landslagi og til nokkurs að vinna að fela háspennulínur eftir því sem kostur er. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hreinn segir hugmyndir og óskir um að vegur um Sprengisand yrði endurgerður þannig að hann yrði fær fleirum og opinn lengur yfir árið lengi hafa verið á lofti. „En við reynum að stilla þetta þannig að vegurinn sem þeir þurfa fyrir sína línulögn nýtist, annaðhvort beint eða með endurbótum, sem vegur sem ferðamenn myndu vilja fara um í framtíðinni.“ olikr@frettabladid.is


Sökkuldúkur, rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.



Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Forsetinn og repúblikanar á þingi tilbúnir til að funda um lausn mála:

# Vonir glæðast í Washington

**BANDARÍKIN, AP** Eftir margra vikna pattstöðu á bandaríska þinginu létu repúblikanar í fulltrúadeildinni í það skína í gær að þeir væru til viðræðu um að opna aftur fyrir ríkisútgjöld og hækka skuldaþak ríkisins til skamms tíma. Það kæmi í veg fyrir greiðslufall bandaríska ríkisins en þeir setja sem skilyrði að hafnar verði viðræður um að draga úr útgjöldum ríkisins og að ný lög um sjúkratryggingar verði endurskoðuð.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði í samtali við fjölmiðla í gær að hann væri reiðubúinn til þess að ræða við „sanngjarna repúblikana“ um lausn mála.

Rúm vika er síðan lokað var á alla þjónustu ríkisins sem ekki er skilgreind sem bráðnauðsynleg og um 450.000 starfmenn sitja nú heima. Þá stefnir í að ríkið geti ekki greitt af skuldum sínum eftir 17. október sem myndi þýða greiðslufall með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir alþjóðahagkerfið.

Þetta er í annað skiptið á stuttum tíma sem repúblikanar nýta sér yfirvofandi greiðslufall til að þrýsta á forsetann og demókrata, sem hafa meirihluta í öldungadeildinni, en sumarið 2011 náðist samkomulag og lög um hækkun skuldaþaks voru staðfest á síðustu stundu. - þj



**TIL Í FUND** Barack Obama segist tilbúinn til að ræða við repúblikana um lausn á deilum sem ógna fjármálastöðugleika heimsins. NORDICPHOTOS/AFP

**16.700** milljarðar Bandaríkjadala er núverandi skuldaþak ríkissjóðs. Aðeins þingið getur ákveðið að hækka það.

Wow eykur umsvifin:

# Auglýst eftir flugmönnum

**VIÐSKIPTI** Flugfélagið Wow air auglýsir nú eftir 28 flugmönnum. Í tilkynningu félagsins segir að með flugrekstarleyfi muni flugmenn starfa undir merkjum félagsins.

„Ráðning flugmanna er liður í auknum umsvifum félagsins en um er að ræða framtíðarstörf í nýlegum A321- og A320-vélum Wow air,“ segir í tilkynningunni.

Frá næsta vori hyggst Wow air fljúga til átján áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. **- óká**

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir ákvörðun um sekt vegna undirverðlagningar frá því í apríl:

# Valitor á að greiða 500 milljónir í sekt

**VIÐSKIPTI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest 500 milljóna króna sekt á greiðslukortafyrirtækið Valitor vegna alvarlegra samkeppnislagabrota árin 2007 og 2008. Undirverðlagning Valitors er sögð hafa verið veruleg og brot á EES-samningi.

Valitor var sektað í apríl fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust gegn keppinautum félagsins á markaði.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar nú kemur í kjölfar kæru Valitors á þeirri ákvörðun.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að Valitor hafi einnig brotið gegn skilyrðum sem félagið hafi skuldbundið sig til þess að virða samkvæmt sátt frá 2007. Þá viðurkenndi Valitor víðtæk brot á samkeppnislögum og samþykkti að greiða 385 milljóna króna stjórnvaldssekt.

Í tilkynningu frá Valitor er 500 milljóna króna sekt Samkeppniseftirlitsins sögð án fordæma og verulega íþyngjandi fyrir félagið. **- bl**



**POSI** Valitor hefur lýst óánægju með ákvörðun áfrýjunarnefndar samkeppnismála. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Varaforsætisráðherra Breta:

# Ósáttur með Evrópustefnuna

**LONDON** Nick Clegg, varaforsætisráðherra Bretlands og formaður Frjálslyndra demókrata, varaði í gær við hugmyndum Íhaldsflokksins um breytingar á sambandinu við ESB.

Í ræðu á flokksþingi í gær sagði Clegg meðal annars að það að ganga úr ESB yrði „efnahagslegt sjálfsmorð“, og að David Cameron forsætisráðherra myndi aldrei ná að friða hörðustu andstæðinga ESB innan eigin flokks.

Cameron hét því í ræðu á síðasta ári að leggjast í umbótastarf innan ESB og bera áframhaldandi aðild undir þjóðina í atkvæðagreiðslu árið 2017. **- þj**



**SELFOSS** Bæjaryfirvöld vilja að tré séu ekki til ama. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áskorun til íbúa í Árborg:

# Garðeigendur hemji trjávöxt

**SVEITARSTJÓRNIR** „Trjágróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur skapað óþægindi og jafnvel hættu fyrir gangandi og akandi vegfarendur,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu Árborg sem hvetur garðeigendur til að klippa tré svo „þau hvorki hindri vegfarendur, hylji umferðarskilti né dragi úr götulýsingu“. Þá þurfi að hugsa fyrir aðgengi vegna snjóhreinsunar. „Gera þarf ráð fyrir 2,8 metra hæð undir trjágreinum á gangstígum til að snjóruðningstæki komist undir á þeim dögum sem trjágreinar slúta undan snjóþunga.“ **- gar**

**EFNAHAGSMÁL**

## Velta yfir 12 milljörðum

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 75 milljónum evra, jafnvirði 12,1 milljarðs króna, í september samkvæmt nýbirtum tölum Seðlabanka Íslands. „Hlutur Seðlabankans var 12 prósent af veltu mánaðarins,“ segir á vef bankans. Meðalgengi evru gagnvart krónu var 1,4 prósentum hærra í september en það var í ágúst.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010




www.sminor.is

Sigurgangan heldur áfram! Sænska neytendablaðið Råd & Rön gerði á þessu ári nýja úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK kom best út. Þetta er fjórða árið í röð sem Siemens uppþvottavél hlýtur fyrsta sætið*. Vélin fær toppeinkunn fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri nýjung: **zeolite**-þurrkun, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Frekari upplýsingar um þessa uppþvottavél er að finna á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

*SN 45M203SK, Råd & Rön, 8. tbl. 2010; SN 45M206SK, Testfakta, 16.9. 2011 (www.testfakta.se); SN 45M205SK, Råd & Rön, 4. tbl. 2012; SN 45M231SK, Råd & Rön, 3. tbl. 2013.

Råd & Rön HÆSTA EINKUNN April 2013

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# SKOÐUN

Ferli aðlögunar að ESB hefur staðið í tvo áratugi:

## Aðlögunarráðherra

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra skrifaði grein hér í blaðið í gær, í tilefni af því að ríkisstjórnin hyggst setja meiri kraft í að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri strax á fyrstu stigum mála í löggjafarstarfi Evrópusambandsins. Ráðherrann lýsir því vel í grein sinni hvernig löggjöf ESB hefur gegnsýrt flest svið íslenzks samfélags undanfarna tvo áratugi, eftir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tók gildi í ársbyrjun 1994. „EES snertir daglegt líf hvers Íslendings," segir Gunnar Bragi.

Hann rifjar upp að hann hafi kynnzt því sem sveitarstjórnarmaður, þingmaður og ráðherra að umfangsmikill þáttur löggjafarstarfsins gengur út á að innleiða löggjöf ESB í íslenzkan rétt, „ekki bara á Alþingi eða í ráðuneytum heldur einnig á vettvangi sveitarstjórna".



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Það sem Gunnar Bragi lýsir er víðtækt aðlögunarferli Íslands að ESB. Það er miklu umfangsmeira en sú aðlögun að Evrópulöggjöfinni sem rætt hefur verið um eftir að Alþingi ákvað að Ísland skyldi sækja um aðild að sambandinu.

Einhverra hluta vegna fer ráðherrann jákvæðum orðum um aðlögunina undanfarin tuttugu ár, en hafði allt á hornum sér yfir „aðlögunarferlinu" sem tengdist aðildarumsókninni og var svo vont að binda varð enda á það. Hann ætlar hins vegar að taka fullan þátt í aðlögun Íslands að regluverki ESB á vettvangi EES.

Í þingræðu 22. maí í fyrra talaði Gunnar Bragi eindregið gegn „aðlögunarferlinu". Hann benti meðal annars á að ESB hefði breytzt „gríðarlega mikið" eftir að sótt var um aðild og óvíst væri hvernig bandalagið myndi líta út í framtíðinni. Þróunin væri svo hröð að rétt væri að „menn setjist niður og velti fyrir sér hvort rétt sé að halda áfram þeirri för sem lagt var af stað í".

En hefur Evrópusambandið ekki líka breytzt „gríðarlega mikið" undanfarin 20 ár? Samt finnst ráðherranum alveg sjálfsagt að halda áfram aðlöguninni að löggjöf sambandsins „á flestum sviðum". Ætlar hann ekkert að setjast niður og íhuga hvort rétt sé að taka við löggjöf frá bandalagi sem er í uppnámi og óvissu og enginn veit hvernig lítur út í framtíðinni?

Aðlögun Íslands að Evrópulöggjöfinni hefur að langflestu leyti verið til góðs. Aðalvandinn við EES-samninginn er að hann er ólýðræðislegur; Ísland tekur við löggjöf ESB án þess að hafa áhrif á hana. Það mun ekki breytast með aukinni hagsmunagæzlu sem Gunnar Bragi boðar. Hún nær eingöngu til funda embættismanna sem undirbúa mál á fyrstu stigum. Ísland á eftir sem áður engan aðgang að fundum þar sem hinar eiginlegu ákvarðanir eru teknar.

Norðmenn settu aukna peninga og mannskap í hagsmunagæzlu af þessu tagi – og þeir eiga miklu meira af hvoru tveggja en Íslendingar. Engu að síður komst sérfræðinganefnd, sem í fyrra skilaði mikilli skýrslu um EES-samstarfið, að þeirri niðurstöðu að áhrifin á löggjöf ESB væru mjög takmörkuð. „Þetta er það verð sem Noregur greiðir fyrir að njóta ávinningsins af evrópskum samruna án þess að vera meðlimur í þeim samtökum sem knýja áfram þróunina," var álit nefndarinnar.

Eina leiðin til að hafa áhrif á lögin sem við fáum send frá Brussel er að hafa fulltrúa við borðið þar sem þau eru samin. Þangað til það gerist höldum við bara áfram einhliða aðlögun að regluverki ESB, undir skilvirkri verkstjórn utanríkisráðherrans.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Útúrsnúningar

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra áttu í orðaskiptum um gjaldeyrishöft á Alþingi í gær. Það væri synd að segja að þau hafi verið upplýsandi. Helgi vitnaði í viðtal Sigmundar við Bloomberg-fréttastofuna frá því í vor, þar sem fram hefði komið að áætlun Sigmundar um afnám hafta mundi líta dagsins ljós í sumarlok. „Þarna vitnar háttvirtur þingmaður enn og aftur í viðtal sem menn hafa mikið vitnað í og kannski leyft sér að snúa örlítið út úr," sagði forsætisráðherrann áður en hann hófst handa við að svara spurningunni.



### Áfram í nefnd

Og hvernig hljóðaði svarið? Efnislega var það á þá leið að nú væru menn að fá skýrari mynd af því hvaða leiðir væru færar við afnám hafta. Þegar gengið var á hann með það hvort til stæði að leggja fram einhvers lags áætlun þar um svaraði hann því til að ekki væri hægt að útlista nákvæmlega með hvaða hætti höft yrðu afnumin en hins vegar væri vilji til þess að halda áfram starfsemi þverpólitískrar nefndar um málið. Þar höfum við það: Vinna við afnám hafta er þannig stödd að nefnd um málið á að starfa áfram.



### Kemur ekki til greina

Svo spurði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, Sigmund líka um hitt og þetta sem varðaði efnahagsmál, meðal annars hvort til greina kæmi að hverfa frá þeirri ákvörðun að skila hallalausum fjárlögum á næsta ári. Hann sagði að sér þætti „raunar ekki koma til greina, við þær aðstæður sem við erum í, að skila fjárlögum enn eina ferðina með halla". Nú er að standa við stóru orðin – enn á fjárlagafrumvarpið eftir að fara sína leið í gegnum þingið og svo þarf að koma í ljós hvernig stofnunum gengur að halda sig innan ramma þessara fjárlaga.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skattheimta og skipulagsvald til arkitekta

SAMGÖNGUR



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður

Í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er skorið niður um 750 milljónir til almennra framkvæmda í samgöngum. Jafnframt segir ríkisstjórnin að hún vilji ríkari þátttöku einkaaðila í samgönguverkefnum. Hvað þýðir þetta?

Innanríkisráðherra segir á forsíðu Fréttablaðsins á mánudag að viljinn standi til „að koma af stað aðgerðum og framkvæmdum sem eru ekki aðeins drifnar áfram af hinu opinbera". Jafnframt segir ráðherra að forsenda einkaframkvæmdar sé að notendur eigi um aðra valkosti að velja en hinn einkarekna.

Ég leyfi mér í þessu samhengi að nefna nokkra þætti til umhugsunar.

Í fyrsta lagi þýðir þetta á mannamáli að færa á tilkostnað uppbyggingar samgöngukerfisins í auknum mæli á herðar notenda. Landsmenn koma að sjálfsögðu alltaf til með að borga beint eða óbeint fyrir vegi, hafnir og flugvelli. Spurningin er hvernig.

Í öðru lagi er hætt við því að boðað fyrirkomulag komi niður á landsbyggðinni þar sem mestra mannvirkja er þörf en jafnframt eru fæstir til að borga brúsann með notendagjöldum.

Í þriðja lagi er óbeint verið að færa skipulagsvald samgöngukerfisins til verktaka. Þeir eiga að verða drifkraftur en á þá leið er það beinlínis orðað. Það mun gerast þannig að einkaaðili býðst til að leggja Svínvetningabraut í Húnaþingi (þvert á vilja íbúa), eða hraðbraut yfir hálendið (þvert á vilja umhverfissinna), svo líkleg dæmi séu nefnd. Þegar þessu yrði andmælt má reikna með því svari að vegfarendum bjóðist aðrir valkostir en að aka um hinn nýja veg í eigu verktakans og greiða honum gjald fyrir.

Freistingin fyrir stjórnvöld yrði hin gamalkunna, að koma „einhverjum" framkvæmdum af stað og þar með skapa atvinnu. Þetta yrði hins vegar engin atvinnusköpun til frambúðar og skulum við ekki gleyma því að nær allar framkvæmdir í samgöngukerfinu eru framkvæmdar á vegum verktaka að afloknum útboðum. Nú stendur hins vegar til að afhenda verktökunum eignarhaldið á mannvirkjunum til skamms eða langs tíma og beinan aðgang að pyngjum okkar.

Ég ítreka: Til stendur að skera niður til almennra framkvæmda en færa okkur undir yfirráð nýrra skattheimtumanna. Fyrir landsmenn verður þetta fyrirkomulag dýrara og umhverfinu varasamt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Opið bréf til menntamálaráðherra

SAMFÉLAG



**Guðmundur Magnússon**
formaður Öryrkjabandalags Íslands

**Kæri Illugi.**
Frá því í september hafa mannréttindi verið brotin á heyrnarlausum sem nota táknmál í daglegum samskiptum við annað fólk en þá kláraðist fjárveiting sem ætluð var á þessu ári til túlkaþjónustu í daglegu lífi. Þú hefur tilkynnt að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi ekki tök á að mæta þörf á auknu fjárframlagi til táknmálstúlkunar og vísað til þess að framkvæmdanefnd um málefni heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra vinni nú að tillögum til framtíðar í málaflokknum. Þetta er ekki boðlegt svar og það vitum við báðir.

Í maí 2011 skilaði áratuga barátta fyrir íslensku táknmáli sem fullgildu máli loksins árangri. Þá samþykkti Alþingi einróma ný lög þar sem íslenskt táknmál var skilgreint sem fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Þessi lög mæla fyrir um að íslenskt táknmál sé jafnrétthátt íslensku og að óheimilt sé að mismuna fólki eftir því hvort málið það notar. Þess má geta að þessi mannréttindi eru einnig skilgreind í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

### Ekki háar fjárhæðir

Barátta heyrnarlausra fyrir túlkaþjónustu og stöðu íslenska táknmálsins hefur staðið í áratugi og ítrekað hefur þurft að láta reyna á réttinn til túlkaþjónustu með kærum og fyrir dómstólum. Það var því mikið framfaraskref þegar samflokksmaður þinn og þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, tók af skarið árið 2004 og tryggði fjármagn í sjóð sem ætlaður var til túlkunar í daglegu lífi. Við þetta tilefni sagði hún m.a. í þingræðu að búið væri að tryggja túlkun fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi með varanlegum hætti. Þetta hefur staðið þar til nú að umræddur sjóður er tómur og heyrnarlausir standa skyndilega frammi fyrir því að endurgjaldslaus túlkaþjónusta er ekki lengur í boði í daglegu lífi. Það skal tekið fram að hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða.

### Getum ekki átt samskipti

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, hefur í blaðagrein brugðið upp mynd af þeim vanda sem heyrnarlausir standa frammi fyrir í daglegu lífi þegar endurgjaldslaus túlkaþjónustu er ekki lengur í boði. „Í því felst að við sem þurfum að reiða okkur á táknmál getum ekki sinnt okkar daglegu skyldum sem íbúar í fjöleignarhúsi, sem starfsmenn, sem foreldrar. Við getum ekki verið þátttakendur með fjölskyldu okkar, hvorki á hátíðisdögum né á sorgarstundum. Við getum

**➜ Kæri Illugi, ég skora á þig að sjá til þess að þeir sem reiða sig á íslenskt táknmál í samskiptum geti áfram búið við þau mannréttindi að fá endurgjaldslausa túlkaþjónustu í daglegu lífi. Brýnt er að nú þegar verði tryggð fjárveiting til túlkaþjónustu það sem eftir lifir árs og einnig treysti ég því að þú sjáir til þess á fjárlögum næstu ára að þessi staða komi ekki upp aftur.**

heldur ekki átt samskipti vegna kaupa á húsi eða bíl. Við getum ekki nýtt okkur símatíma lækna eða annarra sérfræðinga vegna veikinda barna okkar. Við eigum á hættu að missa starf okkar þar sem við getum ekki tekið þátt í fundum og fræðslu sem eru nauðsynleg vegna starfa okkar.“

Kæri Illugi, ég skora á þig að sjá til þess að þeir sem reiða sig á íslenskt táknmál í samskiptum geti áfram búið við þau mannréttindi að fá endurgjaldslausa túlkaþjónustu í daglegu lífi. Brýnt er að nú þegar verði tryggð fjárveiting til túlkaþjónustu það sem eftir lifir árs og einnig treysti ég því að þú sjáir til þess á fjárlögum næstu ára að þessi staða komi ekki upp aftur.

# Það sem læknirinn sagði mér

HEILBRIGÐISMÁL



**Elín Hirst**
alþingismaður

Ég átti samtal við sérfræðilækni á Landspítalanum fyrir nokkrum dögum. Þetta er læknir sem er meðal okkar færustu sérfræðinga og ég hef alltaf tekið fullt mark á orðum hans. Hann sagði mér umbúðalaust hvernig ástandið á Landspítalanum væri.

Orð hans voru eitthvað á þessa leið: „Þið stjórnmálamenn hafið ekki hugmynd um hve slæm staðan er hér, það endurspeglast í drögum að fjárlögum og því að ekkert viðbótarfé verður veitt til tækjakaupa eins og búist hafði verið við. Þetta er mun alvarlegri staða en ykkur órar fyrir. Það er að bresta á verulegur atgervisflótti héðan. Til dæmis kom sérfræðilæknir til starfa í vor en nú aðeins örfáum mánuðum síðar er hann að fara aftur til útlanda. Vinnuaðstaðan og kjörin eru vart boðleg. Við eigum orðið mjög erfitt með að fá ungt fólk sem er að koma úr sérfræðinámi til starfa. Sömuleiðis vilja ungir læknar sem útskrifast úr læknanámi ekki lengur koma hér til starfa. Það er þreyta hjá þeim sem eftir eru, sumir íhuga alvarlega að hætta og margir að minnka við sig starfshlutfall.“

Og læknirinn bætti við: „Ég tel verulega hættu á að starfsemin hér á spítalanum hreinlega hrynji einhvern daginn og það er styttra í það en margur heldur. Hvar verðum við stödd þá? Hvílíkt tjón sem það yrði fyrir þjóðfélagið og það yrði ekki auðvelt að byggja upp aftur við þessar aðstæður. Ég er alveg

**➜ Það getur orðið okkur öllum afar dýrkeypt á endanum.**

hissa á ykkur stjórnmálamönnum að fljóta svona sofandi að feigðarósi. Það getur orðið okkur öllum afar dýrkeypt á endanum. Mikilvægar deildir hér á spítalanum eins og krabbameinsdeildin, nýrnadeildin og hjartadeildin eru verulega laskaðar vegna manneklu og úrelts tækjakosts. Það getur ekki verið gott að vera Íslendingur með þessa algengu og alvarlegu sjúkdóma á meðan staðan er þessi. Hér er ekki verið að hrópa úlfur, úlfur og ábyrgð ykkar stjórnmálamanna er mikil en það er eins og þið skiljið ekki alvarleika þessa máls.“

Og læknirinn hélt áfram: „Ég held að ein skýringin á því hversu illa er komið fyrir Landspítalanum sé hversu seinþreytt starfsfólkið hér er til vandræða. Eljusemi þess hefur að mörgu leyti breitt yfir þann vanda sem hefur þróast. En nú er það orðið uppgefið af að hlaupa sífellt hraðar. Það hefur einnig verið hyldýpi á milli yfirstjórnenda spítalans í gömlu Templarahöllinni og okkar sem vinnum hér á gólfinu. Það þarf tvo til þrjá milljarða í neyðaraðstoð við spítalann strax ef það á að byrja að reyna að snúa þessu við.“

Mér sem alþingismanni og stjórnarliða leið ekki vel undir þessum fyrirlestri sérfræðilæknisins og ég finn mig knúna til að koma skilaboðum hans á framfæri opinberlega.

www.volkswagen.is




**Fullkominn ferðafélagi**

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá
**5.360.000 kr.**

Das Auto.

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Okkar hjartans þakklæti fyrir auðsýnda samúð og mikinn hlýhug vegna andláts okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**PÉTURS SIGURBJÖRNSSONAR**
**Garðaflöt 1, Garðabæ.**

Innilegu þakklæti viljum við færa Karitas heimahjúkrun fyrir hlýja og góða umönnun í gegnum árin.

**Elín Halldóra Hafdal**
**Kristján Grétar Pétursson** **Steinunn Erna Otterstedt**
**Pétur Sigurbjörn Pétursson** **Berglind Ósk Kjartansdóttir**
**Rakel Björk Pétursdóttir** **Marinó Jónsson**
**Heimir Þór Pétursson** **Vilborg Drífa Gísladóttir**
**Brynhildur Pétursdóttir** **Jóhann Pálsson**



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**JÓNÍNA STEFANÍA HALLGRÍMSDÓTTIR**
**(Jóna)**
**Spítalastíg 3, Hvammstanga,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi mánudaginn 30. september. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 11. október kl. 15.00.

**Þórdís Vilhjálmsdóttir**
**Guðmundur Víðir Vilhjálmsson** **Jónína Edda Ó. Levy**
**Einar Hafsteinn Vilhjálmsson**
**Sigurlaug Jakobína Vilhjálmsdóttir**
**Silja Aðalsteinsdóttir** **Gunnar Karlsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og langömmubarn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA DAGMAR PÁLSDÓTTIR**
**frá Brúarholti, Miðfirði,**
**Miðgarði 14, Keflavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi föstudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 11. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS: Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Stefán E. Pétursson**
**Páll Björgvin Hilmarsson** **Signý Eggertsdóttir**
**Pétur Skarphéðinn Stefánsson** **Sæbjörg Þórarinsdóttir**
**Lovísa Guðlaug Stefánsdóttir** **Indriði Þórður Ólafsson**
**Ásta Pálína Stefánsdóttir** **Gunnar Már Yngvason**
**Hrönn Stefánsdóttir** **Jósef Hólmgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Haustútsalan**
er hafin hjá Graníthöllinni
Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granitholln.is



Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88

**Legsteinar og fylgihlutir**
Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum
**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.
**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,

**ÓLÖF GUÐBJÖRG TRYGGVADÓTTIR**
**Óla frá Glerárbakka,**
**Lindasíðu 4, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Glerárkirkju föstudaginn 11. október kl. 13.30.

**Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir** **Birgir Skjóldal**
**Guðmundur Karl Guðjónsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Ásmundur Jónas Guðjónsson** **Helga María Stefánsdóttir**
**Valborg Inga Guðjónsdóttir** **Guðjón Páll Jóhannsson**
**Tryggvi Stefán Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður og ömmu,

**ARNÞRÚÐAR KARLSDÓTTUR**
**handavinnukennara.**

**Sigurveig Kristjánsdóttir** **Ólafur Ágúst Ólafsson**
**Berglind Bragadóttir**
**Kristján Ólafsson** **Ragna Eyjólfsdóttir**
**Ólafur Ágúst Ólafsson** **Jacqueline Santos Silva**
**Sigrún Sandra Ólafsdóttir** **Albert Björn Lúðvígsson**
**Arnþrúður Ösp Karlsdóttir** **Gylfi Arnbjörnsson**
**Hrefna Björk Karlsdóttir** **Haukur Pétur Benediktsson**
**Kristján Friðrik Karlsson** **Hulda Kristín Jónsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA JAKOBÍNA EIRÍKSDÓTTIR**
**frá Dröngum,**

lést að morgni 5. október á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útför verður auglýst síðar.

**Þórunn Káradóttir Hvasshovd** **Stein Hvasshovd**
**Aðalsteinn F. Kárason**
**Bergþór N. Kárason** **Guðríður Jónsdóttir**
**Berglind A. Káradóttir** **Sigurður H. Árnason**
**Ragnheiður S. Káradóttir** **Pálmi Þ. Ívarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS JÓNASSON**
**frá Stardal,**

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. október kl. 13.00.

**Þórdís Jóhannesdóttir**
**Jóhannes Magnússon** **Tinna Stefánsdóttir**
**Þórður Magnússon** **Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRUNN JÓHANNESDÓTTIR**
**Hjarðarholti 8, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 6. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 11. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Jóhannes R. Hreggviðsson** **Ragnhildur Bjarnadóttir**
**Klara Hreggviðsdóttir** **Guðjón Kjartansson**
**Haraldur B. Hreggviðsson** **Ragnhildur Edda Ottósdóttir**
**Karl Þór Hreggviðsson** **Íris Böðvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**INGÓLFUR TRYGGVI GUÐBJÖRNSSON**
**Víðilundi 20, Akureyri,**

sem lést á Öldrunarheimili Akureyrar, föstudaginn 27. september verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu föstudaginn 11. október kl. 13.00.

**Rannveig Friðriksdóttir**
**Halla Margrét Tryggvadóttir** **Elías Bj. Gíslason**
**Ingólfur Tryggvi og Friðrik Valur**

**ÞETTA GERÐIST** 9. OKTÓBER 1974

# Oskar Schindler deyr

Á þessum degi árið 1974 lést Oskar Schindler, 66 ára að aldri. Schindler var þýskur viðskiptamaður sem bjargaði um 1.200 gyðingum frá útrýmingarbúðum nasista í síðari heimsstyrjöldinni.



Schindler fæddist í bænum Zwittau sem nú tilheyrir Tékklandi. Fjölskylda hans hafði orðið rík af viðskiptum. Hún fór illa í kreppunni á fjórða áratugnum og Oskar gekk þá í Nasistaflokkinn. Hann var tækifærissinni í viðskiptum og í kjölfar innrásar Þjóðverja í Pólland tók hann að reka glerungsverksmiðju í Kraká. Hjá honum unnu 1.300 gyðingar.

Þótt hann hafi í byrjun stjórnast af hagnaðarvon fór hann þegar á leið að verja verkamenn sína meir og meir. Eftir stríð stóð hann slyppur uppi en hafði bjargað 1.200 mannslífum.



Ástkær móðir okkar og amma,

**SIGURJÓNA JAKOBSDÓTTIR**
**Grænuhlíð 4,**

lést fimmtudaginn 3. október sl.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 17. október kl. 15.00.

**Anna María Jónsdóttir**
**Þorsteinn M. Jónsson** **Ingibjörg Egilsdóttir**
**Hallgerður Jónsdóttir**
**Benedikt Páll Jónsson**
**Magnús Þór, Sigrún, Anton Ísak, Sara Margrét, Agnes Ýr, Katrín Birta, Anna María og Jón Metúsalem**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HELENU RAKELAR MAGNÚSDÓTTUR**
**Sólvangsvegi 3,**
**Hafnarfirði.**

**Katrín Markúsdóttir** **Pétur Th. Pétursson**
**María Markúsdóttir** **Sigtryggur Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÓLÖF BJÖRNSDÓTTIR**
**Lindarbraut 16,**
**Seltjarnarnesi,**

lést laugardaginn 5. október. Jarðsungið verður frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 14. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á MS félagið eða Gigtarfélagið.

**Björn Ólafsson** **Hafdís Guðmundsdóttir**
**Guðrún Birna Ólafsdóttir** **Helgi Svavarsson**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNA KEMP**

lést föstudaginn 4. október.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 14. október kl. 13.00.
Jarðsett verður á Akureyri.

**Elísabet Kemp** **Haraldur Sigurðsson**
**Þórey S. Guðmundsdóttir** **Kristján H. Ingólfsson**
**Ragna Kemp** **Sævar Vigfússon**
**Guðmundur Óli Guðmundsson** **Guðbjörg Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**MAGNÚS KRISTINN GUÐMUNDSSON**
**bóndi,**
**Gríshóli, Helgafellssveit,**

verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 11. október kl. 14.00.

**Guðrún Karólína Reynisdóttir**
**Þórhalla Björk Magnúsdóttir** **Eggert Eggertsson**
**Hafdís Magnea Magnúsdóttir** **Bragi Ingimarsson**
**Erna Bára Magnúsdóttir** **Ásgeir Bragason**
**Guðlaugur Magnús Magnússon** **Hrafnheiður Valdís Baldursdóttir**
**Guðmundur Karl Magnússon**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. október 2013 | 27. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



# AUKIÐ SAMSTARF FYRIRTÆKJA LYKILLINN

→ Viðtal við Þór Sigfússon, framkvæmdastjóra Íslenska sjávarklasans.

→ Klasasamstarfið samanstendur í dag af 56 fyrirtækjum.

→ Mikil tækifæri í fullnýtingu aukaafurða úr sjávarútvegi.

## Eignir sjóða jukust um 0,06%

Hrein eign lífeyrissjóðanna nam 2.541,7 milljörðum króna í lok ágúst og hafði aukist um 1,7 milljarða frá júlílokum, eða um 0,06 prósent.

Í nýbirtum tölum Seðlabanka Íslands kemur fram að hrein eign samtryggingadeilda hafi numið 2.288,2 milljörðum og hefði lækkað um 0,39 milljarða. „Eign séreignadeilda hafði hins vegar aukist um 0,6 prósent og nam 253,5 milljörðum króna." Innlend verðbréfaeign lækkaði um 4,5 milljarða milli mánaða, aðallega vegna lækkunar íbúðabréfa.

## Uppkaupum síður en svo lokið

Eignasafn fasteignafélagsins Regins hefur stækkað um 26 prósent á þessu ári samkvæmt samantekt Greiningar Íslandsbanka.

Eignasafnið nam um áramót 152 þúsund fermetrum en er nú sagt standa í 189 þúsund fermetrum. „Bókfært verð fasteigna Regins nam um 36 milljörðum króna í lok júní," segir í umfjöllun Greiningar. Undanskilin eru kaup á VIST ehf. og á Austurstræti 16 í Reykjavík.

Stjórnendur Regins eru sagðir horfa til þess að eignasafn félagsins nái 300 þúsund fermetrum. Fasteignakaupum félagsins sé því síður en svo lokið.

## Breytingar hjá greiningardeild

Regína Bjarnadóttir tekur við af Ásdísi Kristjánsdóttur sem forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. Ásdís hefur störf hjá Samtökum atvinnulífsins í næsta mánuði en hún hefur verið ráðin þangað til að stýra nýju efnahagssviði SA.



REGÍNA BJARNADÓTTIR

Fram kemur í tilkynningu Arion banka að Regína hafi undanfarin sex ár starfað sem hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabankans, einkum við greiningu á greiðslujöfnuði og erlendri skuldastöðu þjóðarbúsins.

Regína, sem lauk BS-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaragráðu í þróunarhagfræði frá University of London árið 2000, hefur störf hjá Arion banka í nóvember.

- óká



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Vatnshæð í Hálslóni metrar yfir sjávarmáli




http://data.is/19xmBoG

Hálslón er miðlunarlón Kárahnjúkavirkjunar og er myndað með stíflun á rennsli Jökulsár á Dal. Myndin sýnir vatnshæð í Hálslóni sem mæld er af Landsvirkjun. Vatnshæðin sést fara minnkandi yfir vetratímann þegar lítið vatn rennur í lónið en hækkar aftur þegar sól tekur að hækka á lofti og hitastig eykst.

### Þróun atvinnuleysis í Bandaríkjunum

%




http://data.is/17dKRMw

Myndin sýnir þróun atvinnuleysis eftir kynþáttum í Bandríkjunum frá 1973. Atvinnuleysi hefur verið hæst hjá blökkumönnum í gegnum tíðina en minnst hjá hvítu fólki. Samkvæmt síðustu mælingum í ágúst var atvinnuleysi blökkumanna 13%, fólki af suður-amerískum uppruna 9,3% og hvítu fólki 6,4%.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Föstudagur 11. október**
- Útboð ríkisvíxla

**Þriðjudagur 15. október**
- Atvinnuleysi í september 2013
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni – stöðutölur í ágúst 2013
- Mannfjöldinn á þriðja ársfjórðungi 2013

**Miðvikudagur 16. október**
- Fiskafli í september 2013
- Vísitala framleiðsluverðs í ágúst

**Fimmtudagur 17. október**
- Samræmd vísitala neysluverðs í september 2013
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Föstudagur 18. október**
- Verðmæti sjávarafla janúar-júlí
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Útboð ríkisbréfa

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*



**SKÝRSLA KYNNT** Í nýrri skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika sem Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs bankans, og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri kynntu, er bent á að viðskiptabankarnir þurfi að reikna með því að til þeirra verði gerðar auknar kröfur um eiginfjárstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gjaldeyrir nægir ekki til afborgana banka

*Litlar breytingar hafa orðið á fjármálastöðugleika landsins. Kerfið er sagt búa yfir viðnámsþrótti. Óvissa er tengd slitameðferð föllnu bankanna og áhætta endurfjármögnun í erlendum gjaldmiðlum.*

EFNAHAGSMÁL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Uppsafnaður viðskiptaafgangur fram til ársins 2018 dugar bara fyrir tæpum helmingi áætlaðra afborgana erlendra lána, annarra en ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands.

Fram kom í máli Sigríðar Benediktsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, við kynningu á ritinu Fjármálastöðugleiki 2013/2 í gær, að afborganirnar næmu um 700 milljörðum króna.

Árin 2013 til 2018 væri gert ráð fyrir að samanlagður viðskiptajöfnuður næmi 315 milljörðum króna.

„Til að brúa þetta bil, sem nemur 385 milljörðum króna, þarf að auka viðskiptaafgang umfram það sem hann er í ár með innstreymi fjármagns, endurfjármögnun eða lánalengingu einhverra þessara lána," sagði hún og benti um leið á að spá Seðlabankans gerði ráð fyrir heldur lækkandi afgangi á viðskiptum á næstu árum.

„Afborgunarferill á skuldabréfi milli Landsbankans og LBI [innsk. gamla Landsbankans] er of þungur til að gjaldeyristekjur þjóðarbúsins standi undir honum."

Sigríður sagði jákvætt að slitastjórn LBI hefði fallist á beiðni Landsbankans um viðræður um breytingar á skuld Landsbankans við þrotabúið. „Greiðslur til kröfuhafa geta að öðru óbreyttu raskað stöðugleika gengis, efnahags og fjármála."

Verði ekki lengt í skuldabréfunum með samningum sagði Sigríður nauðsynlegt að breyta fjármagnshöftunum til að koma í veg fyrir að endurheimtur skuldabréfanna yrðu greiddar kröfuhöfum gamla bankans.

Í riti Seðlabankans, sem kemur út tvisvar á ári, kemur annars fram að áhætta í fjármálakerfinu hafi lítið breyst frá því í vor þegar það kom síðast út.

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri sagði í inngangi sínum að fjármálakerfið byggi um þessar mundir yfir umtalsverðum viðnámsþrótti sem hefði farið vaxandi og auðveldaði fjármálafyrirtækjum að mæta áhættu sem steðja myndi að fjármálakerfinu á næstu árum. Eiginfjárhlutföll kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja væru há, dregið hefði úr vanskilum og endurskipulagningu útlána miðaði áfram. Þá væri lausafjárstaða bankanna vel yfir þeim mörkum sem sett hefðu verið af Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu.

Arnór sagði áhættu í umhverfi fjármálafyrirtækja almennt fara minnkandi „þótt hræringar í Bandaríkjunum nýlega valdi nokkrum ugg".

Um leið sagði Arnór mikilvægt að missa ekki sjónar á áhættu sem enn væri til staðar. Vandamál væru tengd fjármagnshöftum og ekki yrði fram hjá því horft að vanskil séu enn mikil, þótt dregið hefði úr þeim. „Í ljósi þungrar skuldastöðu stórs hóps fyrirtækja og heimila gætu vanskil aukist á ný verði efnahagslífið fyrir áföllum," sagði hann. olikr@frettabladid.is

### DREGIÐ HEFUR ÚR VANDA EINSTAKLINGA

Skuldir heimila hafa lækkað að raungildi, eiginfjárstaða þeirra batnað og greiðslubyrði léttst, að því er fram kemur í Fjármálastöðugleika 2013/2. Breytingin er að verulegu leyti sögð til komin vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar heimila. „Dregið hefur úr skuldavanda einstaklinga. Með áframhaldandi hækkun fasteignaverðs og frekari endurskipulagningu skulda má gera ráð fyrir að staða heimila haldi áfram að batna að því er þessa þætti varðar," segir þar.

Helsta hætta sem sögð er steðja að fjármálakerfinu um þessar mundir tengist uppgjörum banka í slitameðferð, fyrirhugaðri losun fjármagnshafta, endurfjármögnun erlendra lána og mikilli skuldsetningu fyrirtækja. Þá er erfið staða Íbúðalánasjóðs sögð geta bakað ríkissjóði umtalsverð útgjöld.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 65385 09/2013



## ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

**Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár.

Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Aukið samstarf fyrirtækja lykillinn

***Íslenski sjávarklasinn var stofnaður fyrir röskum tveimur árum og samanstendur af 56 fyrirtækjum sem öll tengjast hafinu á einn eða annan hátt. Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri klasans, segir meginmarkmið klasasamstarfsins að auka verðmæti þessara fyrirtækja með auknu samstarfi þeirra á milli.***

**VIÐTAL**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is



**MIKIL TÆKIFÆRI** Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, segir mörg spennandi verkefni í burðarliðnum. Þar á meðal eru verkefni sem tengjast fullvinnslu aukaafurða úr sjávarútvegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Við stefnum að því að hafa alla virðiskeðjuna í íslenskum sjávarútvegi hérna inni og þessi stækkun á húsnæðinu er liður í átt að því markmiði,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans.

Þessa dagana er unnið að því að bæta við skrifstofurými í húsnæði sjávarklasans úti á Granda þar sem fimmtán fyrirtæki verða með vinnuaðstöðu til viðbótar við þau fimmtán sem þar eru fyrir. Að sögn Þórs stendur einnig til að opna þar stórt kaffihús með svölum sem snúa út að Reykjavíkurhöfn.

### Ólík fyrirtæki vinna saman

„Þegar nýja skrifstofurýmið verður tilbúið verðum við með um þrjú þúsund fermetra af húsnæði fyrir um 50 fyrirtæki sem öll eru í haftengdri starfsemi með einum eða öðrum hætti. Eins og ég hef áður sagt er þetta hús eins og sjávarútvegssýning sem er opin allt árið,“ segir Þór.

Sem dæmi um hversu ólík fyrirtækin í Húsi sjávarklasans eru nefnir Þór að þar megi bæði finna fyrirtæki sem vinna snyrtivörur úr sjávarfangi og önnur sem þróa flókinn tæknibúnað fyrir fiskiskip.

„Minni frumkvöðlafyrirtækin sem hafa aðstöðu hér í húsinu tala mikið um þá aðstoð og ráðgjöf sem þau hafa fengið frá stærri fyrirtækjunum. Samstarf þessara ólíku fyrirtækja eykur á endanum verðmæti þeirra,“ segir Þór.

Hann segir að sér þyki áhugavert að nokkur fyrirtæki úr skipaverkfræði og tengdum greinum hafi sótt um aðstöðu í húsinu.

„Það er grein sem ég vona að eflist á komandi árum. Greinin hefur alla burði til þess enda eiga Íslendingar fullt af færu tæknifólki sem býr að reynslu í tæknilausnum fyrir fiskiskip. Það er mikilvægt að íslensk þekking verði til staðar við þróun og smíði fiskiskipa því greinin má ekki deyja út.“

### Verkefni verða að fyrirtækjum

Íslenski sjávarklasinn vinnur að sögn Þórs að ýmsum ólíkum verkefnum hverju sinni. Fimm verkefni sem rekja uppruna sinn til klasasamstarfsins hafa á undanförnum mánuðum orðið að fyrirtækjum sem eru að mörgu leyti komin úr höndum klasans.

„Ég get nefnt sem dæmi verkefnið Codland, sem í dag er fullvinnslufyrirtæki á Suðurnesjum. Það var áður lítið verkefni sem hófst hér innan klasans en er nú í höndum útgerðarfyrirtækjanna Þorbjarnar og Vísis í Grindavík,“ segir Þór og bætir því við að Codland hafi í síðasta mánuði fengið viðurkenningu fyrir bestu kynninguna á fundi European Food Venture Forum í Árósum í Danmörku.

„Sú viðurkenning sýnir ásamt öðru að það er mikill áhugi á íslenskri fullvinnslu og þeirri staðreynd að við erum að fullvinna meira af okkar aukaafurðum en aðrar þjóðir.“

Þegar tal berst að fullvinnslu aukaafurða úr sjávarútvegi segir Þór að hann sé á þeirri skoðun að hún sé vaxtarbroddur íslensks sjávarútvegs.

„Ef við skoðum vöxtinn í fullvinnslu aukaafurða, líftækni og tæknifyrirtækjum sem eru að framleiða tækni- eða hugbúnað fyrir sjávarútveg, var hann á bilinu þrettán til sautján prósent á síðasta ári. Árið áður var með sambærilegum hætti og ef við höldum þessu áfram getur það þýtt að innan fimmtán ára verði útflutningsverðmæti þekkingar frá þessum fyrirtækjum orðið svipað og útflutningsverðmæti hefðbundinna sjávarafurða.“

### Nýr sjávarútvegur nái fótfestu

Þór segir íslensk útgerðarfyrirtæki sýna því aukinn áhuga að koma af fullum krafti inn í fullvinnslu aukaafurða.

„Ég spái því að innan áratugar verði útgerðarfyrirtækin orðin öflugir aðilar á heilsu- og lyfjamarkaði. Stjórnendur íslenskra útgerðarfyrirtækja geta orðið forystumenn í nýjum sjávarútvegi þar sem aukaafurðir verða að heilsubótarefnum eða lyfjum. Ég er sannfærður um að nýi sjávarútvegurinn sé að ná fótfestu og það sést í öllum tölum.“

Þór og starfsfólk sjávarklasans hafa teiknað upp mynd af því hvernig þau sjá fyrir sér þróunina á næstu árum þegar kemur að þessum nýja sjávarútvegi. Myndin sýnir lagskiptan píramída þar sem hefðbundinn sjávarútvegur er grunnstoð píramídans. Ofan á hann koma síðan, í þessari röð, hefðbundin fiskvinnsla, matvæli, fæðubótarefni, snyrtivörur, heilsufæði og lyf.

„Málið er að það er verið að vinna að nýjum sjávarútvegi á öllum þessum sviðum. Það sem er áhugavert við þessa mynd er að því ofar sem við komum í píramídanum því meiri líkur eru á að við séum að skapa aukin verðmæti og áhugaverð störf fyrir komandi kynslóðir. Þróunin síðustu ár hefur verið á þá leið að efstu lög píramídans hafa verið að ná aukinni fótfestu hér á landi.“

Til að skýra mál sitt enn frekar bendir Þór á raunveruleg dæmi af landsbyggðinni.

„Þessi nýi sjávarútvegur hefur náð fótfestu á stöðum eins og Siglufirði þar sem rekinn er öflugur heilsu- og lyfjageiri sem byggir á aukaafurðum úr sjávarútvegi. Þróunin á Suðurnesjum, þar sem Grindavík er í fararbroddi, er annað dæmi um þetta.“

Starfsmenn sjávarklasans vinna nú að sögn Þórs að því að kortleggja landið eftir því hvar þessi nýi sjávarútvegur hefur náð fótfestu. „Ég hef trú á því að fyrirtæki sem tileinka sér þennan nýja sjávarútveg eigi eftir að hafa mikil áhrif á vöxt sinna sveitarfélaga.“

### Öflugt flutninganet mikilvægt

Annað stórt verkefni sem starfsmenn Íslenska sjávarklasans hafa unnið að að undanförnu er gerð heildstæðrar stefnu um flutninga- og hafnarmál.

„Eins og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði einu sinni þá er Ísland með eitt öflugasta flutninganetið á norðurslóðum. Því vaknaði upp sú spurning innan klasans hvernig fyrirtæki innan hans ætla að nýta sér það flutninganet. Við sjáum fyrir okkur að með öflugu flutninganeti geti fyrirtæki farið að flytja heim vörur eða afurðir í auknum mæli, afurðir sem er hent í mörgum öðrum löndum, en við vinnum úr þeim snyrtivörur og lyf og flytjum út.“

Þór bendir á að fyrirtæki eins og Lýsi hafi á undanförnum árum flutt aukaafurðir til landsins sem síðan eru notaðar í tilbúnar útflutningsvörur.

„Þar gegnir flutninganetið lykilhlutverki og það sýnir aftur hvernig þessar greinar innan sjávarklasans eru samofnar.“






**HINN NÝI SJÁVARÚTVEGUR**




Myndin sýnir þann nýja sjávarútveg sem Þór Sigfússon segir að sé í mikilli sókn. Þar er hefðbundinn sjávarútvegur grunnstoð píramídans. Ofan á hann koma síðan fiskvinnsla, matvæli, fæðubótarefni, snyrtivörur, heilsufæði og lyf. „Því ofar sem við komumst upp þennan píramída því meiri líkur eru á að við séum að skapa aukin verðmæti og áhugaverð störf fyrir komandi kynslóðir,“ segir Þór.



## EIRÍKUR HAUKS Í SALNUM

**Rokkarinn Eiríkur Hauksson verður gestur Jóns Ólafssonar í tónleikaröðinni Af fingrum fram í Salnum í Kópavogi annað kvöld kl. 20.30. Eiríkur hefur búið í Noregi um langa hríð en hann mun segja sögur og syngja við píanóleik Jóns og bassaleik Friðriks Sturlusonar.**

# LÍFRÆNT FJÖLVÍTAMÍN FYRIR ALLA

**CELSUS KYNNIR** *Lifestream-vörumerkið er vel þekkt á Íslandi og neytendur bera mikið traust til þess. Spirulina frá Lifestream inniheldur blágræna þörunga sem segja má að séu fjölvítamín náttúrunnar og henti öllum.*

Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celsus, segir daglega inntöku á Spirulina vera heilsusamlega leið fyrir alla fjölskylduna til að fá nauðsynleg næringarefni, aukna einbeitingu og orku sem hjálpar fólki að standa sig vel í námi, vinnu og tómstundum.

„Það er ánægjulegt að segja frá því að þeir sem hafa prófað Lifestream Spirulina finna mikinn mun á sér og vilja ekki vera án þess. Spirulina með blágrænum þörungum inniheldur 29 vítamín og steinefni, 18 amínósýrur, prótín, járn, ómega, blaðgrænu og GLA-fitusýrur. Lifestream Spirulina hefur algjörlega slegið í gegn og vinsældir þess eru miklar, enda finnur fólk mjög fljótt betri líðan. Móðir sagði okkur að sonur sinn sem hefði átt erfitt með einbeitingu væri óþekkjanlegur eftir að hann byrjaði að taka Spirulina á hverjum degi. Hann fær hærri einkunnir í skólanum og gengur betur í íþróttum. Bestu meðmælin eru að börn og unglingar taka efnið sjálfviljug því þau finna mun á sér,“ segir Anna.

### JÁRNRÍKT

„Spirulina er auðugt af járni en það er sjaldgæft að finna járn sem er upprunnið frá plöntum og er auðmeltanlegt,“ segir Anna Björg. „Kenningin er að bláa litarefnið, phycocyanin, í Spirulina vinni vel með upptöku annarra næringarefna við meltingu. Auk þess er það þægilegt í maga. Lifestream Spirulina er því góð lífræn næring fyrir verðandi mæður og börn þar sem það er ræktað í ferskvatni undir ströngu gæðaeftirliti og ISO-stöðlum, ásamt næringar- og hreinleikaprófunum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) telur Spirulina ákjósanlegan næringarauka fyrir börn og fullorðna.“

### VÖRN GEGN FLENSU

Anna segir enn fremur að Spirulina styrki varnir líkamans og þess vegna hafi það góð áhrif gegn flensu eða kvefpestum. „Spirulina inniheldur eitt öflugasta varnarensímið, sem er SOD. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á Spirulina og fjöldi þeirra birst í viðurkenndum tímaritum. Spirulina hefur hátt hlutfall af GLA-fitusýrum sem styrkja varnir líkamans og taugakerfið og dregur úr streitu. Árið 1986 fékk David Horrobin Nóbelsverðlaun fyrir uppgötvanir sínar á mikilvægi GLA-fitusýra,“ segir Anna.

### HREINSAR LÍKAMANN

„Aukning á mengun í matvælum veldur mörgum áhyggjum. Spirulina hjálpar líkamanum að losna við aukaefni, rotvarnarefni og önnur tilbúin óæskileg efni. Einnig má nefna skordýraeitur og geislanir sem notaðar eru við kornræktun og geymslu á ávöxtum og grænmeti. Spirulina er auk þess talið öflugt til að hreinsa líkamann af þungmálmum og geislunum frá tölvum og farsímum.“




**VINSÆLT**
Anna hjá Celsus segir að Spirulina sé afar vinsælt fæðubótarefni, enda fyrir allan aldur, og fólk sé fljótt að finna mun á sér.




***Spirulina fæst í öllum apótekum, helstu heilsubúðum, stórmörkuðum og Fríhöfninni. Sjá heimasíðuna celsus.is.***

Jólaútsaumur
Amma mús – handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavik
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399
Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388
Amma mús -handavinnuhús

WEEKEND
MaxMara
MARINA RINALDI
NÝ SENDING AF VETRARVÖRUM!
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

Loftgæði innandyra hafa mikil áhrif á heilsuna
Eru loftgæðin í lagi?
VIFTUR
Rakastýrðar
Hljóðlátar
Orkunýtnar
Eigum yfir 300 gerðir á lager
íshúsið
www.viftur.is
Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata. S: 566 6000

Landsins mesta úrval af sófum og sófasettum
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Havana
Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum
Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4990.-
Umfelgun á smájeppa 5990.-
Sunny Tires
VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

# DÖMUR DEKRAÐAR

**AKUREYRI** *Vinkonur, systur, mæðgur og frænkur eiga dömulega dekurdaga í vændum á Akureyri um næstu helgi og geta í leiðinni látið gott af sér leiða.*

Okkur langaði að rífa upp steindauðan tíma og búa til skemmtilega stemningu í bænum sem skartar sínu fegursta á haustmánuðum," segir Inga Vestmann, sem er í dömulegu dekurnefndinni sem um næstu helgi stendur í fimmta sinn fyrir Dömulegum dekurdögum á Akureyri.

„Það hefur gengið á ýmsu því fyrstu dekurdagarnir voru haldnir helgina eftir hrunið 2008. Árið eftir var svo snarvitlaust veður og Sigríður Klingenberg sú eina á dagskránni sem þorði að ferðast á milli landshluta þegar allt flug lá niðri. Síðan hefur leiðin legið upp á við og dekurhelgin fest sig í sessi enda mikið tilhlökkunarefni í bænum," segir Inga, sem hlakkar mikið til enda nóg um að vera.

„Dagskráin er spennandi og hægt að velja úr fjölda viðburða sem gleðja hjartað eins og konukvöldum, tónleikum, uppistandi, heilsufarsráðgjöf, bleiku balli, dívukvöldi, opnum vinnustofum og dömulegu dekri. Þá býður úrval verslana og veitingahúsa upp á dömulega afslætti og yfir hundrað fyrirtæki taka á móti dömum með kostum, kynjum og miklu dekri," segir Inga.

Dömur úr öllum landshlutum gera sér ferð til Akureyrar um þessa helgi til að njóta lífsins lystisemda og Inga segir stærsta hópinn sem hún hefur heyrt af vera fjörutíu konur sem ætla að skella sér norður af höfuðborgarsvæðinu.

„Hlutfall kvenna hækkar mjög á Akureyri um þessa helgi og skemmtilegur munur sést á bæjarlífinu," segir Inga.

Dömulegir dekurdagar eru nú haldnir í samstarfi við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis.

„Í fyrra seldum við sérhannaða taupoka til styrktar Krabbameinsfélaginu og fengu færri en vildu. Því sýndum við fyrirhyggju nú og pöntuðum enn fleiri sem byrjað er að selja víðs vegar á Akureyri," segir Inga, sem notar sinn poka undir ballskóna þegar illa viðrar fyrir slíkt skótau utanhúss.

Innkaupapokarnir eru hannaðir af grafíska hönnuðinum Bryndísi Óskarsdóttur og handþrykktir og unnir í samstarfi við listakonur frá vinnustofunni 10AN í Gilinu og kennara og nemendur á listnámsbraut við Verkmenntaskólann á Akureyri.

„Það er indælt að láta gott af sér leiða og tengja dekurdagana við gott málefni en líka að lífga við dauðan tíma í bænum og vekja Norðlendinga til umhugsunar um að ekki þarf alltaf að sækja langt til að dekra við sjálfan sig," segir Inga.

Upplýsingar um dagskrá Dömulegra dekurdaga er að finna á www.visitakureyri.is og á Facebook.



**DÖMULEGAR** Inga Vestmann, eigandi Pedromynda og Vilborg Jóhannesdóttir, eigandi Tískuverslunarinnar Centro eru í forsvari fyrir dömulegu dekurnefndinni. Hér eru þær að skreyta miðbæinn með bleikum slaufum.

# FERÐAMENN STREYMA Á SLÓÐIR DOWNTON ABBEY

*Mikill straumur ferðamanna er til Highclere-kastalans á Suður-Englandi en þar er sjónvarpsþáttaröðin Downton Abbey tekin upp.*

Afar vinsælt hefur verið að fara í helgarferðir í kastalann, rölta um, skoða fjölskyldubókasafnið eða kunnuglegar innréttingar og lifa sig inn í söguheim persóna í þáttunum.

Fólk kemur í heimsókn alls staðar að en þó mest frá Bretlandi og Bandaríkjunum. Um þrjú hundruð ferðamenn koma daglega í heimsókn þegar opið er. Kastalinn er í ægifögru umhverfi og eigendur hans hafa þénað vel á þessum mikla ferðamannastraumi og hefur það komið sér vel fyrir nauðsynlegt viðhald. Að auki hefur fjölskyldan fengið vel greitt fyrir afnotin. Á meðan á upptökum stendur er kastalinn lokaður.

Kastalinn var tekinn í notkun árið 1842 en hann var sumarsetur jarlsins af Carnarvon. Í honum er mikið safn egypskra fornmuna, verðmæt antíkhúsgögn og málverk. Carnarvon-fjölskyldan býr enn í kastalanum og lafði Fiona, húsmóðirin á staðnum, spjallar oft við gesti, séu þeir heppnir. Mikið er spurt um sögu hússins. Langamma núverandi eigenda tók á móti særðum hermönnum í seinni heimsstyrjöldinni og var það saga hennar sem vakti áhuga handritshöfundar á Highclere-kastala. Höfundurinn, Julian Fellowes, er fjölskylduvinur og sá alltaf kastalann fyrir sér í sögunni. Lafði Carnarvon hefur veitt honum allar þær upplýsingar um fjölskylduna sem hann hefur viljað og hún er, eins og aðrir, mikill aðdáandi þáttanna. Hægt er að skoða á þessari heimasíðu hvenær tekið er á móti ferðamönnum í kastalann en bóka þarf með góðum fyrirvara www.highclerecastle.co.uk.



**HIGHCLERE-CASTLE** Fallegt landsvæði er umhverfis kastalann á Suður-Englandi.







NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

Á ENSKU
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- BS í Markaðsfræði

Á DÖNSKU
- Véltækni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tækniileg sameining
- Aðgangsnámskeið

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi 4.-11. október 2013. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715, eða netfang jee@viauc.dk. Leggið inn skilaboð/skrifa og við munum hringja/skrifa til baka.

VIAUC.DK/HORSENS

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE

04481





**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

TRI

#TRIVERSLUN

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

# VETRARVIKA

7. TIL 12. OKTÓBER

# 20% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM!



## CUBE LTD CLS PRO

KORTALÁN FRÁ BORGUN Í ALLT AÐ 36 MÁNUÐI

~~129.990 KRÓNUR~~

**103.992 KRÓNUR**



NAGLADEKK & LJÓS Í MIKLU ÚRVALI!



NIKE
BROOKS
CRAFT
ZOOT

MEÐA ÞVÍ AÐ KAUPA HJÓL FÆRÐU 30% AFSLÁTT AF AUKAHLUTUM & FATNAÐI

BRETTI, STANDARI & NAGLADEKK = 19.579

NIKE
BROOKS
CRAFT
ZOOT

20% 20%

# WWW.TRI.IS

TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00



**GLASAKRÓNA** Í versluninni Hedonism Wines í London hangir mjög viðeigandi ljósakróna sem gerð er úr ótölulegum fjölda rauðvínsglasa.



**FIMM METRA KRÓNA** Þessi sérstaka og risavaxna ljósakróna var til sýnis á London Design Festival árið 2011. Ljósið Nomad er eftir Beau McClellan. Það er fimm metra langt og búið til úr 220 einingum og lýst upp með LED-ljósum.

# RISAVAXIN LJÓSADÝRÐ

*__HÖNNUN__ Ljósakrónur eru meira en einfaldur ljósgjafi í myrkrinu. Þær eru punkturinn yfir i-ið í innanhúshönnun og gleðja augað hvort sem kveikt er á þeim eða ekki. Hér gefur að líta nokkrar afar íburðarmiklar ljósakrónur eftir ýmsa hönnuði.*



**BJALLA** Hollenski hönnuðurinn Marcel Wanders á heiðurinn af þessari risavöxnu ljósakrónu í bjölluformi sem einmitt heitir Bell. NORDICPHOTOS/GETTY



**PENNALJÓS** Ljósakróna búin til úr 347 Bic Cristal-pennum og 347 bréfaklemmum. Krónan er ein af 30 sem spænska hönnunarfyrirtækið En Pieza bjó til.



**EGG** Eggin, eða Uovos, eftir Rony Plesl eru gulli eða silfri slegin, endurspegla umhverfið á daginn en eru hálfgagnsæ í myrkri. Í krónunni eru fjölmargar LED-perur en hægt er að stjórna styrk hverrar þeirrar og þannig mynda fjölbreytta stemningu með lit og ljósum. Stærstu útgáfur ljóssins eru nærri tveggja metra háar, 1,2 metrar á breidd og vega um 130 kíló.


Vandaðir dömuskór
Úr mjúku leðri
Verð: 18.800.-
Misty skor
Sími: 551-2070
Opið Mánudag-Föstudag
Frá klukkan 10:00 - 18:00
og laugardaga: 10 - 14



Misty skor
Laugavegi 178

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:
Leiðsögunámið í Ferðamálaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiðáa, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveiganlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.



Magnús Jónsson
FV. VEÐURSTOFUSTJÓRI

Ferðamálaskóli Íslands
Opið 8-22
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

NÝJA NEXUS 7 LENT HJÁ OKKUR !
nexus 7

Nexus 7 hefur verið vinsælasta hágæða 7" spjaldtölvan hjá okkur í heilt ár og er frábær. Þessi nýja útgáfa af henni er hreinlega með mögnuðum vélbúnaði og á mjög sanngjörnu verði. 1.5GHz Snapdragon S4 Pro Quad Core örgjörvi ásamt Adreno 320 skjákorti. 1920x1080 FHD upplausn og ótrúleg skerpa og litgæði. Android 4.3 Jelly Bean.






69.990
ASU-NEXUS71A002A
tl.is
TÖLVU LISTINN

SUÐURLANDSBRAUT 26, REYKJAVÍK - GLERÁRGÖTU 30, AKUREYRI - KAUPVANGI 6, EGILSSTÖÐUM - HAFNARGÖTU 90, KEFLAVÍK - AUSTURVEGI 34, SELFOSSI - REYKJAVÍKURVEGI 66, HAFNARFIRÐI

## MIKIL SPENNA Í UNDANKEPPNI HM Í KNATTSPYRNU

MIÐVIKUDAGUR 9. OKT 2013
19. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
**DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2**

# 27 BESTU ÞÆTTIR STÖÐVAR 2

Álitsgjafar velja bestu þætti stöðvar 2 frá upphafi í tilefni 27 ára afmælis stöðvarinnar.






### LÆRKEVEJ
**Bandarísk útgáfa af þáttunum Lærkevej væntanleg.**



### ÁSTRÍÐUR
**Þóra og Rúnar vön því að leika kærustupar.**



### STÓRU MÁLIN
**Lóa Pind snýr aftur með Stóru málin.**

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

krakkar | 2 GULL | 2 BÍÓ | 2 SPORT | 2 SPORT 2 | 3

## 2 ÓMISSANDI Í VIKUNNI



**GREY'S ANATOMY**
**Miðvikudagur**
**Kl. 20.50**



**THE BLACKLIST**
**Fimmtudagur**
**Kl. 21.10**



**LOGI Í BEINNI**
**Föstudagur**
**Kl. 19.45**



**VEISTU HVER ÉG VAR?**
**Laugardagur**
**Kl. 20.00**



**HOMELAND**
**Sunnudagur**
**Kl. 21.05**



**THE AMERICANS**
**Mánudagur**
**Kl. 21.55**



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
**Þriðjudagur**
**Kl. 21.15**

# ILLUGI TEKINN Á BEINIÐ

Lóa Pind Aldísardóttir fer af stað með nýjan þátt, Stóru málin, í opinni dagskrá á mánudagskvöldið. Þar verður fjallað um mál er brenna á þjóðinni á beinskeyttan og upplýstan hátt.

**STÓRU MÁLIN**
**mánudag19.20 í opinni dagskrá**

Í þættinum á mánudag verða skólamálin tekin fyrir. „Gestur minn í fyrsta þætti verður Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sem situr fyrir svörum. Ég átti eftir að ljúka umræðunni sem skapaðist með þáttunum Tossarnir sem sýndir voru í fyrravetur en mun gera það nú með Illuga. Einnig kemur Jón Gnarr borgarstjóri inn í umræðuna.“

Lóa er spyrill þáttarins en hún segir allt opið með hversu margir gestir verða í hverjum þætti. „Það fer svolítið eftir umræðunni hverju sinni. Þátturinn er ekki rígnegldur fyrir fram heldur sveigjanlegur. Pistlahöfundar koma fram og segja skoðun sína umbúðalaust en í fyrstu þáttum eru það Hallgrímur Helgason rithöfundur, Brynjar Níelsson alþingismaður og Eva Hauksdóttir bloggari.

Þetta verður pólitískur umræðuþáttur þar sem kastljósinu verður beint að þeim málum sem helst brenna á þjóðinni hverju sinni. Meiningin er að vera með beinskeytta, líflega umræðu um helstu þjóðmálin en fyrst og fremst er þetta umræða um málefni, tillögur, aðgerðir og hugmyndir, fremur en að það sé verið að greina hverjir séu vinir innan flokkanna eða ekki,“ útskýrir Lóa og bætir við að það verði ekki fjallað um fréttir vikunnar, eins og oft er í slíkum þáttum, heldur mál sem efst eru á baugi.

Lóa hefur sagt skilið við fréttastofuna og alfarið snúið sér að dagskrárgerð fyrir sjónvarp. Hún segist vera afar ánægð með þá ákvörðun. „Mér finnst dásamlega skemmtilegt að vinna við þáttagerð,“ segir hún.

Í nóvember fer af stað önnur þáttaröð sem nefnist „Eitthvað annað“. Þar verður fjallað um atvinnumál í landinu.



Lóa Pind Aldísardóttir tekur fyrir stóru málin í þjóðfélaginu í umræðuþætti í opinni dagskrá á mánudagskvöldum.



# MÁLEFNI LANDSBYGGÐARINNAR Í BRENNIDEPLI

Á mánudagskvöldum í vetur mun Kristján Már Unnarsson heimsækja landsbyggðina.

**UM LAND ALLT**
**Kl. 20.05 mánudaga**

Kristján Már Unnarsson heldur áfram að kynna áskrifendum Stöðvar 2 áhugaverða staði, fólk og starfsemi á landsbyggðinni í þætti sínum Um land allt. Þátturinn hóf göngu sína síðasta vetur og er óhætt að segja að hann hafi slegið í gegn. Þeir voru með vinsælustu þáttum stöðvarinnar síðasta vetur og mældust stundum með meira áhorf en fréttatími Stöðvar 2, að sögn Kristjáns. „Það er augljóst mál að áhorfendur hafa mikinn áhuga á efni sem þessu enda sýndu áhorfstölur það síðasta vetur. Ég hef allt frá því ég hóf feril minn í blaða- og fréttamennsku fyrir 33 árum fjallað mikið um málefni landsbyggðarinnar, fyrst á Dagblaðinu og síðan á Stöð 2, bæði í fréttatímum og sérstökum innslögum. Þessir þættir okkar núna eru því eðlilegt framhald af fyrri verkum mínum.

Í næsta þætti verða Kristján Már og Baldur Hrafnkell Jónsson kvikmyndatökumaður á Norðausturlandi. „Við förum um byggðir Öxarfjarðar og Skjálfandaflóa og kynnum okkur rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförnum áratugum á gasi sem þar hefur fundist. Við spyrjum hvaða líkur séu á að finna olíu- og gaslindir úti fyrir ströndum Norðurlands og fjöllum um nýjustu rannsóknir á þessu sviði.“

Kristján Már segist sjá mikinn mun á landsbyggðinni undanfarna áratugi. „Þegar ég var ungur bjó um þriðjungur landsmanna á Reykjavíkursvæðinu. Í dag hefur þetta snúist við, sem er uggvænleg þróun að mínu mati. Ég finn líka sterka þrá hjá fólki um land allt að sjá heimabyggð sína vaxa og dafna.“ Þar skipti miklu máli að huga að samgöngum og öðrum innviðum eins og háhraðaneti, að sögn Kristjáns. Góðar samgöngur í dreifbýlinu eru nefnilega líka fyrir þéttbýlisbúa. „Þær skipta auðvitað meira máli yfir veturinn enda ekki síður heillandi að skoða Ísland að vetrarlagi.”

# LEIKUR SÉR ENN Í MÖMMÓ

Þokkagyðjan Megan Boone leikur stjörnuleik á móti hinum háskalega heillandi James Spader í spennuþáttaröðinni The Blacklist. Hún lagði sitt af mörkum til að gera söguhetjuna dularfyllri.



**THE BLACKLIST**
**FIMMTUDAG KL. 21.10**

Megan Boone stendur á þrítugu. Hún er fædd og uppalin í litlu sjávarþorpi í Michigan og hefur áður komið fyrir sjónir áhorfenda í sjónvarpsþáttaröðunum The Cleaner, Cold Case, Law & Order: Los Angeles og Blue Blood.

Í fyrra vakti Megan athygli fyrir frammistöðu sína í myndinni Leave Me Like You Found Me og nú er hún komin í eitt af flottustu hlutverkum sjónvarps þar sem hún þarf að sanna sig sem mótleikari sjarmatröllsins James Spader.

„Ég tel að allar leikkonur hafi þráð hlutverk Elizabeth Keen í The Blacklist. Í það minnsta átti ég, ásamt vinkonum mínum í leiklistarbransanum, auðvelt með að samsama mig persónu hennar en ég var sú eina sem var nógu heppin að fá að leika hana,“ segir Megan sem hrósar happi yfir krefjandi hlutverki sínu í The Blacklist.

„Í fyrstu birtist Elizabeth sem lítt reyndur nýliði en smám saman þróast hún yfir í hreina og klára hetju sem stendur stöðug í fæturna gegn mjög alvarlegum glæpum,“ segir Megan um sögupersónuna sem hún vildi gera bæði dularfyllri og úttaugaðri en upphaflega stóð til.

„Líf Elizabeth er flókið og flækjurnar aukast enn þegar hún uppgötvar mýmargt um sjálfa sig og líf sitt sem áður var henni hulið. Það sama á við aðrar sögupersónur The Blacklist; það er ekkert sem sýnist,“ upplýsir Megan sem nýtur þess að vinna við tökur á The Blacklist í New York.

„Í New York eru heimkynni færustu leikara heims og á meðal gestaleikara þáttanna er ótrúlegt hæfileikafólk. Þá er óviðjafnanleg lífsreynsla að fá að leika á móti James Spader og persóna hans er magnað samspil glæpamanns og góðmennis sem reynir að breyta lífi sínu með því að ná öðrum glæpamönnum í net sitt.“

Megan var barn að aldri þegar hún sá í hillingum að verða leikkona.

„Ég elskaði sögur í uppvextinum og var ákaflega hugmyndarík og leikfús. Í dag er ég enn jafn glettin og ærslafull sem krefst útrásar fyrir leik. Ég hef því haldið fast í barnið í sjálfri mér, ímyndaða heima og vini, og er enn á fullu í mömmuleik þótt nálgunin sé nú stærri og róttækari en ég hafði hugmyndaflug til sem barn.“

## LÆRKEVEJ SNÝR AFTUR Í VETUR

Íbúarnir skrautlegu við Lærkevej snúa aftur á Stöð 2 í vetur þegar önnur þáttaröð hefur göngu sína. Stöð 2 sýndi fyrstu þáttaröðina í sumar en sú þáttaröð verður nú endurgerð fyrir bandarískan markað og sýnd á NBC. Sony mun framleiða bandarísku þættina um Lærkevej en Stöð 2 gerði nýverið samning við Sony um kaup á öllum helstu þáttum sem fyrirtækið framleiðir.

Danskar þáttaraðir hafa notið mikilla vinsælda á Stöð 2 undanfarið. Léttlynda kennslukonan Rita snýr aftur í glænýrri þáttaröð á miðvikudagskvöldum á Stöð 2 í nóvember. Á þriðjudögum eru danskir dagar á Gullinu en þar eru nú sýndar klassískar danskar seríur sem Íslendingar kannast vel við. Nikola og Julie er á dagskrá klukkan 21.30 á þriðjudagskvöldum og Anna Pihl hefst klukkan 22.15. Á sunnudagskvöldum er einnig danskt þema á Gullinu en þá eru Krónikan og Örninn endursýnd.





## LANGVINSÆLASTI GAMANÞÁTTURINN

**THE BIG BANG THEORY**
**Mánudag til fimmtudag kl. 19.40 í opinni dagskrá**

The Big Bang Theory er langvinsælasti gamanþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag með meira en 18 milljónir áhorfenda á hvern þátt. Stöð 2 frumsýnir fjóra þætti af The Big Bang Theory á viku í opinni dagskrá klukkan 19.40. Þættirnir hófu göngu sína á bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS haustið 2007 og urðu fljótt mjög vinsælir. Fyrir tveimur vikum hófst sjöunda þáttaröðin í Bandaríkjunum sem sýnd verður þar í vetur.

Þátturinn fjallar á gamansaman hátt um fimm unga menn sem búa í Kaliforníu. Fyrsta má telja eðlisfræðingana, nördana og herbergisfélagana Leonard Hofstadter og Sheldon Cooper. Vinnufélagar þeirra eru vélaverkfræðingurinn Howard Wolowitz og stjarneðlisfræðingurinn Raj Koothrappali. Sem mótvægi við nördaskap félaganna er vinkona þeirra, gengilbeinan Penny, sem einnig er upprennandi leikkona og býr á móti þeim Leonard og Sheldon.

Það er óhætt að segja að vinsældir The Big Bang Theory hafi aldrei verið meiri en í dag. Samkvæmt áhorfsmælingum Nielsen í Bandaríkjunum horfðu 18,2 milljónir manna á þáttinn í síðustu viku. Aðeins sakamálaserían NCIS er með meira áhorf, eða 19,98 milljónir áhorfenda á síðasta þátt.

Þættirnir hafa auk þess fengið fjölda verðlauna og tilnefningar til ýmissa sjónvarpsverðlauna undanfarin ár.



© Inter IKEA Systems B.V. 2013


Snúrulaus snilld!
Með UPPLEVA línunni og BESTÅ hirslum sameinar þú sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn. Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu. Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is
IKEA®



Rúnar Freyr Gíslason og Þóra Karítas Árnadóttir í Ástríði.

# ÓLÍKINDAPAR

**ÁSTRÍÐUR**
**Kl. 20.40 sunnudaga**

„Bæði heimilislæknirinn og mamma hafa sagt við mig: „Ég vissi ekki að þú gætir verið svona vond!““ segir leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir sem fer með hlutverk hinnar ísmeygilegu Fanneyjar í sjónvarpsþáttunum Ástríði.

Þóra segir Fanneyju vera karakter sem áhorfendur elski að láta fara í taugarnar á sér.

„Ég gekk langt í þeirri nálgun í fyrri þáttaröðinni og fannst ég komast í karakter Fanneyjar þegar ég setti upp vissan augnsvip sem stundum sést á konum þegar þær mæla út klæðaburð og útlit annarra kvenna. Ég ákvað svo að Fanney væri viðkvæm og lítil inni í sér og fyrir vikið sést af og til inn í kviku,“ útskýrir Þóra.

Í lok síðustu þáttaraðar af Ástríði urðu þau Fanney og Sveinn Torfi, sem leikinn er af Rúnari Frey Gíslasyni, par. Svo skemmtilega vill til að Rúnar og Þóra hafa áður leikið par sem stóð í skilnaði í Rétti.

„Fanney og Sveinn Torfi náðu saman því þau eru bæði ýktar persónur með tilbúnar hugmyndir um ástarsambönd sem helst eiga að vera eftir uppskrift úr amerískri ástarvellu með tilheyrandi listum yfir rómantískar gjafir og annað sem á að koma á óvart,“ segir Þóra og fer varlega í að láta of mikið uppi um samskipti Fanneyjar og Sveins sem ganga heldur brösuglega í byrjun nýju þáttaraðarinnar.

„Raunveruleikinn virðist svo vera annar en í rómantískri bíómynd og kannski eru Fanney og Sveinn Torfi á einhvern hátt dæmi um slæmar afleiðingar þess þegar fólk reynir að breyta eða stjórnast í hvort öðru því töfrarnir felast í því sem fyrst var fallið fyrir. Það á ýmislegt eftir að koma í ljós sem ég vil ekki láta uppi en þau fara saman í heilmikið þroskaferðalag. Persónur þeirra fá að sýna galla sína og eru eftir því mannlegar,“ útskýrir Þóra.

Rúnar Freyr segist einnig hafa fengið sterk viðbrögð við túlkun sinni á Sveini Torfa.

„Vinir mínir eru farnir að segja: „Djöfuls fáviti ertu í þessum þáttum!“ Þá segi ég sem satt er að þetta sé nú bara rétt byrjunin og að hann eigi eftir að ganga svo langt að fleiri en vinir mínir muni illa þola þennan gaur. Á sama tíma er eitthvað í fari hans sem maður elskar því það er eitthvað af Sveini Torfa í okkur öllum,“ segir Rúnar og brosir að öllu saman.

Hann segir þau Þóru hljóta að passa vel saman úr því þeim sé parað saman trekk í trekk.

„Þó verður að benda á að söguhetjurnar eru ekki endilega líkar okkur Þóru og þótt annað sjálf okkar eigi vel saman er ég ekki viss um að það gengi upp í raunveruleikanum því bæði erum við hamingjusamlega lofuð öðrum,“ segir Rúnar sem nýtur þess mjög að leika á móti Þóru sem hann segir æðislega.

„Þegar ég fór í prufur fyrir Ástríði sagði ég við Silju leikstjóra að það mætti alls ekki gera grín að Sveini Torfa og að sá sem léki hann yrði að standa með honum í blíðu og stríðu. Hann yrði að vera einlægur í að vera misheppnaður, annars yrði Sveinn Torfi hvorki sannfærandi né grátbroslegur. Lykillinn felst í því að vera einlægur og skapa alvöru söguhetju enda er mikið af sjálfum mér í Sveini Torfa, þótt ég ætti kannski ekki að viðurkenna það,“ segir Rúnar og skellir upp úr.





1 FÓSTBRÆÐUR

# 27 VINSÆ
# ÞÆTTIR Í 2

Stöð 2 fór í loftið þann 9. október 1986 og á því 27 ára afmæ
nokkrir valinkunnir álitsgjafar fengnir til að nefna þá íslensku sjónva
sem eru í uppáhaldi. Þættirnir Fóstbræður e



Neyðarlínan



Heimsókn með Sindra



Ástríður



Steindinn okkar



Kompás



Réttur



Spurningabomban



Sjálfstætt fólk



Eldsnöggt með Jóa Fel



Hið blómlega bú



Mannshvö



Stelpurnar



Pressa



Idol stjörnuleit

## Álitsgjafar

**Sara McMahon**, blaðamaður
**Sverrir Bergmann**, tónlistarmaður
**Freyr Bjarnason**, blaðamaður
**Andrés Jónsson**, almannatengill
**Ylfa Kristín K. Árnadóttir**, almannatengill
**Júlía Margrét Alexandersdóttir**, blaðamaður
**Saga Garðarsdóttir**, leikkona
**Atli Fannar Bjarkason**, framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar



Logi í beinni



Algjör Sveppi



Bandið hans



■ Kenndu mér að hlæja svona djúpt úr maganum. Ég fer í hálfgerða klessu þegar ég hitti grínarana þaðan af tómri lotningu og „loli“ og þegi bara því það eina sem mér dettur í hug að segja er bara: Takk sensei, þú kenndir mér að hlæja með maganum. Sem væri sjaldan viðeigandi en alltaf krípi.

# ÆLIR 27 ÁR

li í dag. Af því tilefni voru arpsþætti í gegnum tíðina ru ótvíræðir sigurvegarar.





Viltu vinna milljón





Dagvaktin





rf

1919 með Völu Matt og Helga Pé





Sveppi&Auddi



Bubba



MasterChef Ísland



## 2 NÆTURVAKTIN

■ Þáttaröð sem maður geymir í hjarta sér – um mannlegan kærleik og harmleik.



## 3 HEILSUBÆLIÐ

■ Heilsubælið í Gervahverfi var þáttur sem við horfðum á í náttfötunum um helgar; sem krakki var þessi ógeðslegi matur í mötuneyti heilsubælisins líklega eitthvað á við Sveppa og Auddа og áskorunina.



## 4 MEÐ AFA

■ Ég vorkenni börnum sem fæddust eftir að morgunsöngurinn kom til sögunnar. Og ég lít enn þá á Örn Árnason sem þriðja afann í lífi mínu.



## 5 FANGAVAKTIN

■ Vaktarþríleikurinn er í heild ótrúlega vel heppnaður. Það var vel við hæfi að gengið sem stóð að þáttunum hafi toppað sig með síðustu seríunni en hún tók allt sem gerði fyrri seríur góðar og blandaði saman í stórkostlega skemmtilegan graut.

# FAGNAÐI SIGRI Á EMMY

**2 HOMELAND**
**Kl. 21.05 sunnudagar**

Leikkonan Claire Danes hlaut á dögunum Emmy-verðlaun annað árið í röð fyrir leik sinn í Homeland sem Stöð 2 sýnir um þessar mundir. Hún hefur áður hlotið þessi verðlaun fyrir leik sinn í Temple Gardin. Þá hefur hún fjórum sinnum unnið Golden Globe-verðlaun auk annarra verðlauna. Þættirnir Homeland hafa verið margverðlaunaðir sem bestu dramatísku þættirnir í sjónvarpi.

Claire Danes er 34 ára, fædd 12. apríl 1979 í New York. Hún er gift leikaranum Hugh Dancy og eiga þau einn son, Cyrus Michael Christopher Dancy, sem fæddist í desember 2012. Claire Danes byrjaði feril sinn sem unglingur. Hún varð fyrst fræg í þáttunum My So-Called Life og síðan hefur hún meðal annars leikið Júlíu í Rómeó og Júlía, auk margra annarra persóna í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Homeland hefur heldur betur slegið í gegn en í þáttunum fer Claire með hlutverk Carrie Mathison sem er starfsmaður bandarísku leyniþjónustunnar. Stöð 2 sýnir þættina glænýja en þessi þáttaröð var frumsýnd í Bandaríkjunum í september. Þættirnir halda áhorfandanum í spenntum allan tímann, enda er höfuðpersónan að njósna um stríðshetjuna Nicholas Brody (Damian Lewis) sem var haldið í gíslingu í mörg ár en Carrie telur að hann starfi með hryðjuverkamönnum.



# PERSON OF INTEREST SNÝR AFTUR

**2 PERSON OF INTREST**
**Kl. 21.55 fimmtudaga**

Þáttaröðin Person of Interest hefst á ný á Stöð 2 á fimmtudögum eftir stutt hlé. Félagarnir John Reese og Harold Finch halda baráttu sinni gegn glæpum áfram með hjálp tölvuforritsins „The Machine“.

Milljarðamæringurinn og forritarinn Finch hannaði forritið fyrir bandarísk yfirvöld til að spá fyrir um yfirvofandi hryðjuverkaárásir. Það segir einnig til um almenna glæpi áður en þeir gerast en yfirvöld aðhafast ekkert til að stöðva þá. Finch og Reese vinna því á laun og bjarga almennum borgurum. Einu upplýsingarnar sem þeir fá frá forritinu eru kennitala manneskju sem verður viðriðinn glæp. Hvaða glæp vita þeir ekki og ekki heldur hvort viðkomandi er fórnarlamb eða gerandi.



# MYNDIR HELGARINNAR



**WHAT TO EXPECT WHEN YOU ARE EXPECTING**
**Laugardag kl. 20.40**

Rómantísk gamanmynd frá 2012 með Cameron Diaz, Jennifer Lopez, Elizabeth Banks, Chance Crawford, Matthew Morrison, Chris Rock og Dennis Quaid í aðalhlutverkum. Hér er ástin skoðuð með augum fimm ólíkra para sem öll eiga von á barni.



**SAVAGES**
**Laugardag kl. 22.30**

Spennandi kvikmynd frá 2012 í leikstjórn Oliver Stone. Vinirnir Ben og Chon eru dópsalar sem lifa ljúfu lífi í litlum bæ í Kaliforníu. Þegar mexíkóskur eiturlyfjahringur flytur starfsemi sína til bæjarins er fjandinn laus.

**WALLANDER - MAN WHO SMILED**
**Föstudag kl. 21.05**




Spennandi sakamálamynd þar sem Kenneth Branagh fer með hlutverk rannsóknarlögreglumannsins Kurt Wallander.




**A DANGEROUS METHOD**
**Föstudag kl. 22.35**

Dramatísk mynd frá 2011 í leikstjórn Davids Cronenberg um vísindamennina Carl Jung og Sigmund Freud og konuna sem komst upp á milli þeirra.

## 10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

**BÍÓ TOPPMYNDIR**
**Kl. 22.00 alla daga**

Miðvikudagur
**The Cold Light of Day**



Sunnudagur
**Dark Shadows**







Mánudagur
**127 Hours**




Fimmtudagur
**The Fighter**




Þriðjudagur
**The Lincoln Lawyer**







Föstudagur
**Killer Elite**

Laugardagur
**Abduction**



Ingi Þór Guðmundsson segir Flugsláttinn nýjung sem slegið hafi í gegn. MYND/VALLI

# FLOGIÐ INNANLANDS MEÐ STÖÐ 2 VILD

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 sem skráðir eru í Stöð 2 Vild hagstæðara verð á flugi innanlands með Flugfélagi Íslands. Tilboðið gildir í október og nóvember.

Flugfélag Íslands býður meðlimum í Stöð 2 Vild tilboð á innanlandsflugi. Áfangastaðir í boði eru Ísafjörður, Egilsstaðir, Akureyri og Reykjavík. Tilboðið gildir í október og nóvember.

„Vildaráskrifendur fá sendan afsláttarkóða sem við köllum Flugslátt. Til að nýta afsláttinn er Flugslátturinn sleginn inn á vefsíðu Flugfélags Íslands, www.flugfelag.is," útskýrir Ingi Þór Guðmundsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Flugfélags Íslands.

Með Flugslættinum geta Vildarvinir keypt tvö tilboð, annars vegar flug með tuttugu prósenta afslætti og hins vegar með átta prósenta afslætti.

Fyrra tilboðið er á bókunar- og ferðatímabilinu 10. til 16. október 2013 og hið síðara gildir á bókunar- og ferðatímabilinu 16. október til 30. nóvember 2013.

„Flugslátturinn er nýjung hjá Flugfélagi Íslands en hann byggir á „coupons"-aðferðafræðinni, eða afsláttarmiðum, sem þróaðist hratt í Bandaríkjunum og er nú notuð víða í heiminum í dag. Fólk afhendir þá sérstaka afsláttarmiða þegar það kaupir vöru og fær afslátt út á miðann. Þessi nýjung hjá okkur hefur vakið mikla ánægju á meðal Íslendinga sem vilja ferðast á hagstæðan máta innanlands."

Sjá nánar á www.flugfelag.is




Enska landsliðið fagnar marki á Wembley fyrr í sumar. MYND/AFP

# KEMST ENGLAND ÁFRAM Á HM?

Undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu stendur nú sem hæst. Á næstu dögum verða tveir leikir sýndir úr H-riðli þar sem spennan er mikil enda bara tvær umferðir eftir. Fjögur lið eiga möguleika á að komast í lokakeppnina sem haldin verður í Brasilíu á næsta ári. Efsta liðið er öruggt áfram en liðið sem nær öðru sæti gæti komist í átta liða umspil.

England trónir á toppi riðilsins og mætir Svartfjallalandi og Póllandi á næstu dögum. Einungis munar einu stigi á Englandi og Svartfjallalandi og má því búast við hörkuleik þegar liðin mætast á Wembley-leikvanginum næsta föstudag kl. 18.50. Bæði liðin þurfa á sigri að halda til að tryggja sér farseðilinn til Brasilíu en fyrri leik liðanna lauk með 1-1 jafntefli á heimavelli Svartfellinga.

Fjórum dögum síðar mætir pólska landsliðið í heimsókn á Wembley en Pólverjar eru einungis þremur stigum á eftir Englandi. Liðin mætast á þriðjudaginn 15. október en fyrri leik liðanna lauk einnig með jafntefli, 1-1, í Varsjá í Póllandi. Ekki missa af þessum tveimur risaslögum á Wembley.

Á laugardaginn verður einnig sýndur vináttulandsleikur Suður-Kóreu og Brasilíu sem fer fram í Seúl í Suður-Kóreu. Bæði liðin hafa tryggt sér þátttöku í lokakeppninni á næsta ári, Brasilía sem gestgjafi og Suður-Kórea með því að hafna í öðru sæti í öðrum Asíuriðlinum á eftir Íran. Suður-Kóreumenn æfa stíft um þessar mundir fyrir lokakeppnina og verður gaman að sjá léttleikandi lið þeirra taka á móti stórveldi Brasilíu, sigursælasta landsliði allra tíma. Leikurinn hefst kl. 10.55.

Allir leikirnir verða sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 150 GX Aukasæti 10/2011 ek.48þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. 7manna. Ásett verð 9.490.000.- Rnr.285822.



Kia Sorento III Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Dráttarbeisli. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048.



Suzuki Grand Vitara 6/2010 ek.44þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ekki bílaleigubíll. Ásett verð 4.190.000.- Rnr.104187.



Honda CR-V Elegance 9/2012 ek.38þús. Sjálfskiptur. Fjarlægðarskynjarar. Ásett verð 4.750.000.- Rnr.286225.



AFSLÁTTUR 20.000 KRÓNUR

AÐEINS 14.827 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

179.990
FULLT VERÐ: 199.990

MELBOURNE Svefnsófi
Stærð: 243x170 H:70 cm
Slitsterkt áklæði. Litir: Svargrár, grænn og rauður. Vinstri og hægri tunga.

ALICIA Svefnsófi B 163 D 83 H 78 cm. Dýnustærð 130x199 cm.
Litir: Rautt, dökkgrátt, grænt, svart, og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

AÐEINS 10.514 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

119.990
FULLT VERÐ: 139.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 & Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18, laugard. 11-16, sunnud. LOKAÐ EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Landslið á gestalista

➜ Einar Lövdahl er 22 ára vesturbæingur og er Tímar án ráða frumraun hans í plötuútgáfu. Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur.



**HELDUR ÚTGÁFUTÓNLEIKA** Tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl býður fótboltalandsliðinu á útgáfutónleika sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Einar Lövdahl býður landsliðinu á útgáfutónleika.

Tónlistarmaðurinn Einar Lövdahl ætlar að bjóða íslenska karlalandsliðinu í fótbolta og landsliðsþjálfaranum Lars Lagerbäck á útgáfutónleika sína á föstudagskvöld eftir landsleik Íslands og Kýpur.

„Þeir verða á gestalista með stjörnumerkingu, að því gefnu að þeir vinni. Þá fljúga þeir inn á tónleikana og eru hjartanlega velkomnir,“ segir Einar hress í bragði.

Á tónleikunum, sem hefjast kl. 21.30, spilar hann lög af fyrstu plötu sinni, Tímar án ráða, ásamt undirleikurum sínum, Hjörðinni. „Tímasetningin á tónleikunum er þess eðlis að hægt er að horfa á leikinn í sjónvarpinu og fara svo í Tjarnarbíó. Það er planið hjá mér og maður vonast bara eftir jákvæðum úrslitum,“ segir hann. „Tónleikarnir eiga eftir að verða angistarfyllri og dramatískari ef landsleikurinn fer illa. Það væri skemmtilegra ef leikurinn fer vel. Þá verður stemningin létt og góð.“ - fb



**SINÉAD O´CONNOR** Simon Cowell er ekki í uppáhaldi hjá Sinéad O´Connor. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Cowell myrðir tónlistina

Sinéad O'Connor sagði að ritdeilu sinni við Miley Cyrus væri lokið í viðtali í írska spjallþættinum The Late Late Show.

„Málinu er lokið af minni hálfu. Mig langar eiginlega ekki að tala um það lengur,“ sagði hún. „Þetta snýst allt saman um að það er verið að myrða tónlistina. Þetta snýst í raun ekki um Miley. Iðnaðurinn hefur náð yfirhöndinni. Peningahliðin er aðalatriðið og reynt er að tengja kynlíf við ungt fólk sem er að búa til plötur. Allt þetta í kringum Simon Cowell og Louis Walsh snýst um að myrða tónlistina.“



**OPNAR SIG** Tónlistarmaðurinn Prince kemur fram í Paisley Park ásamt hljómsveit sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Prince opnar Paisley Park

Prince opnar heimili sitt og stúdíó, Paisley Park, um helgina og heldur þar tónleika. Á tónleikunum kemur hann fram með gamalli hljómsveit sinni, Next Power Generation, en einnig nýju sveitinni 3rdEyeGirl.

Trommuleikari Prince, Hannah Ford, sagði að þau vildu opna þessa frægu byggingu fyrir almenningi og kynna fólki tónlistina sem þau hafa verið að vinna í.

Ekki verður rukkað sérstaklega inn á tónleikana en mælt er með að fólk gefi um sex þúsund krónur í góðgerðarskyni. Þá hefur Prince stranglega bannað myndavélar, síma og áfenga drykki.



Afmælispartý **Stöðvar 2!**

# Opin d



VALITOR

# agskrá

## fyrir alla í boði **Landsbankans** og **Valitor**




Stöð 2 fagnar 27 ára afmæli og af því tilefni bjóða **LANDSBANKINN** og **VALITOR** til afmælisveislu – og þér er boðið! Það verður svo sannarlega mikið um dýrðir, frábærir nýir íslenskir þættir ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki. Opin dagskrá í **dag, fimmtudag** og **föstudag**!

**ÞÉR ER BOÐIÐ Í ÞRIGGJA DAGA PARTÝ!**




**SKEMMTIPAKKINN** – Sex **frábærar sjónvarpsstöðvar** í opinni dagskrá með fjölbreyttu og vönduðu efni fyrir alla fjölskylduna!

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

*margfalt skemmtilegri!*

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| ABOUT TIME | KL. 8 - 10.40 | 10 |
| TÚRBÓ 2D / 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| RUNNER RUNNER | KL. 8 - 10 | 12 |
| RUNNER RUNNER LÚXUS | KL. 10 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 4 - 6 - 8 | 12 |
| HROSS Í OSS LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BLUE JASMIN | KL. 8 | 10 |
| ELYSIUM | KL. 10.15 | 16 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVONA ER SANLITUN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| TÚRBÓ 2D | KL. 5.45 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BLUE JASMIN | KL. 5.45 - 10.30 | 10 |
| DIANA | KL. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| TURBO 3D | KL.6 | L |
| ABOUT TIME | KL. 8 - 10.10 (10) / RUNNER RUNNER KL. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ABOUT TIME | 6, 9 | 10 |
| TÚRBÓ - ÍSL | 5.50 3D | L |
| RUNNER RUNNER | 8, 10 | 12 |
| DIANA | 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.50 2D | L |
| MALAVITA | 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 - 10:10 | 16 |
| PRISONERS VIP | KL. 6 - 9 | VIP |
| TÚRBÓ ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| TÚRBÓ ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 8 | VIP |
| RIDDICK | KL. 10:20 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PRISONERS | KL. 8 | 16 |
| ABOUT TIME | KL. 8 | 10 |
| DON JON | KL. 11 | 16 |
| RUNNER RUNNER | KL. 10:30 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| PRISONERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 16 |
| TÚRBÓ ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| DON JON | KL. 8 - 11 | 16 |
| RIDDICK | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| AULINN ÉG ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| EUGENE ONEGIN ÓPERA | KL. 6 | L |
| PRISONERS | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5 - 8 | 14 |
| CITY OF BONES | KL. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRISONERS | KL. 8:30 - 10:10 | 16 |
| DON JON | KL. 8 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:50 | 14 |
| FLUGVÉLAR ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |


# Tannburstaprófið

**BAKÞANKAR**
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



**S**tundum velti ég því fyrir mér hvernig sólíkindafólk kemst í alls konar mikilvæg störf. Stöður sem krefjast hugsjóna, samkenndar og réttsýni.

**PEGAR** ég var níu ára langaði mig ofsalega mikið í hund. Ég suðaði lengi vel þar til pabbi minn loksins samþykkti. Með einu skilyrði. Ég yrði að standast tannburstaprófið. Tannburstaprófið var ekki bragðgóða rauða pillan sem tannlæknirinn gaf manni til að tyggja eftir burstun, brosa svo og sýna fram á að tennurnar hefðu verið rækilega burstaðar. Nei, tannburstaprófið fór þannig fram að ég átti að binda tannbursta í band og ganga með hann um hverfið þrisvar sinnum á dag í tvo mánuði. Þannig átti ég að sýna fram á eljusemi og staðfestu mína sem hundaeigandi.

**ÞAÐ** sér hver heilvita maður að tannburstaprófið var langt frá því að vera sanngjarnt. Að ganga um hverfið, hauspokalaus að degi til, með tannbursta í eftirdragi er ekki sambærilegt því að teyma sætan hvolp um bæinn. Bara alls ekki. Uppgjöf var því eina lausnin og ég fékk páfagauk í tíu ára afmælisgjöf. Hann var ágætur.

**ÞAÐ** líður samt ekki sú vika að ég hugsi ekki til tannburstaprófsins. Ég velti því fyrir mér hvað hefði gerst hefði ég bara tekið þessari eggjun, hvernig svipurinn á pabba hefði verið þegar dóttir hans stæði sigursæl með grútskítugan tannbursta eftir tveggja mánaða þolraun. Þess má geta að þetta þurfti ekki að vera minn eigin tannbursti. Ég hefði náttúrlega átt að velja hans tannbursta. Eftir á að hyggja eru leiðirnar óteljandi sem ég hefði getað farið til að snúa vörn í sókn.

**PABBI** vissi auðvitað að ég myndi aldrei taka áskoruninni, enda langaði hann alls ekki í hund. En þrátt fyrir það og þótt tannburstaprófið hafi verið ósanngjarnt og asnalegt, að mati níu ára dóttur hans, fékk hún val. Pabbi er sanngjarn maður sem stendur við orð sín og því er ég fullviss um að hefði ég staðist þetta fáránlega próf hefði hvolpur flutt inn á heimilið.

**EFLAUST** mætti innleiða tannburstaprófið á fleiri vígvelli.




**TAKA Á MÓTI VERÐLAUNUM** Anton Máni og Guðmundur Arnar taka á móti fimm þúsund evra sigurlaunum á samsölumarkaði í Hollandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hlaut fimm þúsund evrur í verðlaun

Anton Máni og Guðmundur fengu aðeins fimm mínútur til að kynna myndina Hjartastein fyrir fullum sal af fagfólki á samframleiðslumarkaði í Hollandi.

„Við fórum á samframleiðslumarkað í Hollandi þar sem við kynntum verkefnið í leit að mögulegum meðframleiðendum og söluaðilum. Myndin okkar var eina alþjóðaverkefnið sem hlaut verðlaun á markaðnum,“ segir Anton Máni Svansson, framleiðandi myndarinnar Hjartasteins, í leikstjórn Guðmundar Arnars Guðmundssonar.

Kvikmyndin hlaut fimm þúsund evrur til eftirvinnslu myndarinnar í verðlaun.

„Við höfum þegar fengið framleiðsluvilyrði frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og erum því nú að leita eftir erlendu fjármagni til að klára fjármögnun myndarinnar. Það er meðal annars gert á svona mörkuðum,“ útskýrir Anton Máni.

„Á þessum markaði fengum við aðeins fimm mínútur til þess að kynna verkefnið fyrir fullum sal af fagfólki. Svo fengum við fundi með hinum ýmsu meðframleiðendum og söluaðilum. Að þessu öllu loknu var haldin verðlaunaafhending þar sem við hlutum svokölluð Warnier Posta-verðlaun,“ segir Anton Máni.

„Þessi verðlaun eru þýðingarmikil fyrir okkur og munu hiklaust hjálpa okkur með framhaldið,“ bætir Anton Máni við.

Hann segir það verulega hvetjandi að fá svona staðfestingu strax í byrjun fjármögnunarferlisins. „Eini efniviðurinn sem við erum með í dag er handritið en það er líka hreint út sagt frábært handrit. Núna erum við líka klárlega komnir með gæðastimpil á verkefnið í stærra samhengi,“ segir hann jafnframt.

Hjartasteinn er fyrsta kvikmynd leikstjórans og handritshöfundarins Guðmundar Arnars Guðmundssonar í fullri lengd en hann hefur áður vakið mikla athygli fyrir stuttmyndir sínar. Þeir félagar stefna á að hefja tökur á myndinni síðla sumars á næsta ári.

- ósk

Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS
BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA HALDA VINSÆLUSTU KVIKMYNDIRNAR Á EFFI ÁFRAM Í SÝNINGUM Í BÍÓ PARADÍS!!

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# MINNKAÐU SÍGARETTUNOTKUN SMÁM SAMAN OG VERTU REYKLAUS MEÐ NICOTINELL

## Dæmi um minnkun reykinga með Nicotinell 2 mg lyfjatyggigúmmíi - valkostur á leið til reykleysis







**NÚNA** — Byrja: 20 síg./dag

**1 MÁN.**

**2 MÁN.**

**3 MÁN.**

**4 MÁN.**

Minnkaðu notkun smám saman og skiptu hverri sígarettu út fyrir 1 stk. af lyfjatyggi-gúmmíi

**6 MÁN.** — **NÚ ERTU REYKLAUS!**

Haltu áfram með því að draga smám saman úr fjölda lyfjatyggigúmmís á dag.

**1 ÁR** — Hættu þegar þú notar einungis 1-2 stk. á dag. Ekki er mælt með notkun lengur en 1 ár.

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## Guðmundur að taka við Dönum



**HANDBOLTI** Danska handknattleikssambandið hefur boðað til blaðamannafundar næstkomandi mánudag. Þar verður næsti landsliðsþjálfari Dana kynntur til leiks. Ulrik Wilbek mun hætta með liðið eftir EM í janúar.

Ólafur Stefánsson hafnaði boðinu fyrir mörgum árum og forráðamenn Füchse Berlin vildu ekki sleppa takinu af Degi Sigurðssyni en Danir báru einnig víurnar í hann.

Samkvæmt heimildum Jótlandspóstsins er danska handknattleikssambandið búið að ná samkomulagi við Guðmund Þórð Guðmundsson um að taka við liðinu.

Guðmundur er að þjálfa þýska félagið Rhein-Neckar Löwen og er samningsbundinn félaginu til ársins 2015. Hann er þó sagður ætla að nýta sér uppsagnarákvæði sem gerir honum kleift að hætta næsta sumar. - hbg

## Ekki forsvaranlegt að bjóða 80% launalækkun

**FÓTBOLTI** „Grindavík segir mér upp störfum þann fjórða október 2012 þegar forráðamenn félagsins afhenda mér uppsagnarbréf,“ segir Guðjón Þórðarson í samtali við Fréttablaðið í gær.

Guðjón hefur stefnt knattspyrnudeild Grindavíkur vegna vangoldinna launa og verður málið tekið fyrir þann 15. október í Héraðsdómi Reykjaness. Þjálfaranum var sagt um störfum haustið 2012 eftir að Grindavík hafði fallið úr Pepsi-deildinni.

„Tveimur dögum síðar kemur fram í Morgunblaðinu í viðtali við formann knattspyrnudeildar Grindavíkur að Milan Stefán Jankovic muni taka við liðinu.“

„Þann 23. október fæ ég tilboð frá Grindavík sem ég gat ekki sætt mig við. Um var að ræða 80% launalækkun. Um það snýst þessi ágreiningur.“

Grindavík mun hafa boðið Guðjóni fimmtíu þúsund krónur í mánaðarlaun í lok októbermánaðar.

„Það er ekki forsvaranlegt að bjóða manni 80% launalækkun ef maður fellur um deild, það er ekki slíkur munur á milli Pepsi-deildarinnar og 1. deildar.“ - sáp



**STENDUR Á SÍNU** Guðjón hefur stefnt Grindvíkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



TIL SÖLU
Esjumelar, 116 Reykjavík
Iðnaðarhúsnæði
Stærð 150 fm.
Verð kr. 18.500.000.
Allar nánari upplýsingar veitir:



Ólafur Jóhannsson
Rekstrarfræðingur
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1023 / 824 6703
olafur@jofur.is

Til sölu vandað 150 fm. iðnaðarbil. Grunnflötur um 100 fm. og milliloft um 50 fm. Frágangur á húsinu mjög góður, málað gólf, burðarmikið milliloft, hitablásari í lofti, 3ja fasa rafmagn til staðar og salerni. Möguleiki á að koma fyrir kaffiaðstöðu á millilofti eða á jarðhæð. Niðurföll eru í gólfi. Háar innkeyrsludyr eru á húsnæðinu ( 4,8 m.). Malbikað plan er við húsið.



PIPAR\TBWA • SÍA • 132603
Öflug fjáröflun fyrir hópinn
Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



olis
Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands og leitið tilboða.
Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.
REKSTRARLAND
Skeifunni 11 | Sími 515 1100
www.rekstrarland.is

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu



**LOKS KOM KALLIÐ** Guðlaugur Victor Pálsson finnur sig einstaklega vel í Hollandi og er loks að láta ljós sitt skína. Kominn í A-landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Náði hvergi að festa sig í sessi

Guðlaugur Victor Pálsson er í fyrsta sinn í A-landsliðshópi íslenska landsliðsins. Guðlaugur hefur fundið sig vel hjá hollenska liðinu N.E.C. Nijmegen.

**HANDBOLTI** Guðlaugur Victor Pálsson var á dögunum valinn í íslenska landsliðshópinn fyrir leikina gegn Kýpur og Norðmönnum í undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu á næsta ári.

„Ég var eðlilega mjög ánægður með það að vera valinn og það var góð tilfinning þegar símtalið kom,“ segir Guðlaugur Victor Pálsson.

Leikmaðurinn tekur nú þátt í sínu fyrsta A-landsliðsverkefni á ferlinum en Guðlaugur lék töluvert fyrir yngri landslið Íslands. Guðlaugur leikur með hollenska úrvalsdeildarliðinu N.E.C. Nijmegen og hefur staðið sig með prýði undanfarið ár. Árið 2007 gekk leikmaðurinn í raðir danska félagsins AGF frá Fylki og samdi því næst við enska liðið Liverpool árið 2009. Þar lék hann með varaliði félagsins í töluverðan tíma en árið 2010 fór leikmaðurinn á lán til Dagenham & Redbridge.

Næst var förinni haldið til Skotlands þegar leikmaðurinn samdi við Hibernian árið 2011 og ári síðar var miðjumaðurinn mættur til Bandaríkjanna til að spila með New York Red Bulls.

Spilatími Guðlaugs með þeim liðum sem hann hefur verið í hefur oftar en ekki verið af skornum skammti en tækifærið kom árið 2012 þegar hann var lánaður frá Red Bulls til N.E.C. Nijmegen. Hann samdi formlega við félagið í vor og hefur verið fastamaður í byrjunarliðinu.

**Er að spila reglulega**

„Munurinn á mér í dag og síðustu árin er að ég er að spila reglulega. Það er alltaf það mikilvægasta fyrir atvinnumann. Ég hef verið á miklu flakki síðastliðin ár og hef hvergi náð að festa mig almennilega í sessi. Í dag er ég að spila alla leiki og hef því náð að bæta mig og er orðinn betri knattspyrnumaður.“

> **Í dag er ég að spila alla leiki og hef því náð að bæta mig og er orðinn betri knattspyrnumaður.**
>
> *Guðlaugur Victor Pálsson*

Guðlaugur hefur síðustu ár aðeins verið í eitt ár á hverjum stað en leikmaðurinn sér mikla framtíð fyrir sér í Hollandi og getur vel ímyndað sér að leika í nokkur ár til viðbótar hjá N.E.C.

Ísland mætir Kýpur í undankeppni HM á föstudagskvöldið en leikurinn fer fram á Laugardalsvellinum. Ísland tapaði 1-0 fyrir Kýpur í öðrum leik riðilsins ytra þann 11. september á síðasta ári.

„Eins og liðið var að spila í síðustu tveimur leikjum og ef við gerum það sem fyrir okkur er lagt er ég ekki í nokkrum vafa um að við náum í þrjú stig á föstudagskvöld.“

**Fáránleg umræða um Portúgal**

Faðir Guðlaugs Victors er frá Portúgal og hefur leikmaðurinn því tvöfaldan ríkisborgararétt. Aron Jóhannsson valdi á dögunum að leika fyrir bandaríska landsliðið og tæknilega séð hefði Guðlaugur einnig haft kost á að leika fyrir portúgalska landsliðið. Guðlaugur hefur nú verið valinn í A-landslið Íslands og sá möguleiki er því úr sögunni.

„Mér fannst það í raun fáránlegt að það hefði komið upp í umræðuna,“ segir Guðlaugur og hlær. stefanp@365.is

# ÁFRAM VOGUR

## AFMÆLIS- OG BARÁTTUFUNDUR SÁÁ

HÁSKÓLABÍÓ FIMMTUDAGINN 10. OKT KL. 20.00

Húsið opnar kl. 18. Tólf spora samtök og aðrir kynna starfsemi sína í anddyri




Fram koma

**JOHN GRANT / LOCKERBIE / HLJÓMAR
KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR /
SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON BIG BAND /**

---

**LANDSÖFNUN SÁÁ ER HAFIN. HRINGDU Í**

| 903-1001 | 903-1003 | 903-1005 |
|---|---|---|
| FYRIR 1000 KRÓNA STUÐNING | FYRIR 3000 KRÓNA STUÐNING | FYRIR 5000 KRÓNA STUÐNING |

**ALLIR VELKOMNIR -
ENGINN AÐGANGSEYRIR**

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.05

### Heimsókn



Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að laða fram hið besta í viðmælendum sínum.

## Í KVÖLD



### CSI: Miami

**SKJÁR EINN KL. 22.50** Hinn sérkennilegi Horatio Caine fer fyrir hópi harðsvíraðra rannsóknarmanna í þessum goðsagnakenndu þáttum.

TV.COM 7,1 IMDb 4,8



### Hljómar

**SJÓNVARPIÐ KL. 22.20** Hljómar, sem hafa verið kallaðir fyrsta íslenska bítlahljómsveitin, hófu feril sinn í Keflavík árið 1963 og urðu fljótt ein vinsælasta hljómsveit landsins.

TV.COM 8,6 IMDb 6,6



### Kalli Berndsen í nýju ljósi

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Kalli Berndsen er mættur til leiks og heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið. Þættirnir eru unnir eftir hugmyndafræði Kalla um að hægt sé að skipta vaxtarlagi kvenna í fjórar gerðir með svokallaðri VAXi-aðferð.

TV.COM 7,5 IMDb 7,4

## Rás 2 kl. 09.00

### Virkir morgnar

Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og kemur hann til með að fjalla um skemmtileg mál líðandi stundar auk liðinna og ókominna stunda.













## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Spurningabomban**
**11.05 Glee**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.45 Covert Affairs**
**14.30 Chuck**
**15.15 Last Man Standing**
**15.35 Big Time Rush**
**16.00 Tricky TV**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar** *(12:20)*
**19.40 The Big Bang Theory** *(8:24)*
**20.05 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
**20.25 2 Broke Girls** *(19:24)*
**20.50 Grey's Anatomy** *(3:22)*
**21.35 Mistresses** *(10:13)* Frábærir dramaþættir sem fjalla um fjórar vinkonur sem hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið.
**22.20 Hung** *(3:10)* Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á tímamótum lífi sínu og allt gengur á afturfótunum.
**22.50 Tossarnir** Áhugaverðir þættir sem beina athyglinni að hinu mikla brottfalli út framhaldsskólum sem á sér stað hér á landi; eitt það mesta í Evrópu.
**23.30 The Strangers**
**00.55 The Blacklist**
**01.40 NCIS. Los Angeles**
**02.25 Breaking Bad**
**03.10 The River Wild**

## SPORT *besta sætið*

**17.40 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**18.10 Þýski handboltinn 2013/2014** Bein útsending frá leik Magdeburg og Kiel.
**19.40 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid – FC Kaupmannahöfn**
**21.25 Kraftasport 2013**
**22.05 Þýski handboltinn 2013/2014**
**23.30 Barcelona – Valladolid**
**01.15 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.45 Football League Show**
**15.15 Southampton – Swansea**
**16.55 WBA – Arsenal**
**18.35 Hull – Aston Villa**
**20.15 Ensku mörkin – úrvalsdeildin**
**21.10 Man. City – Everton**
**22.50 Sunderland – Man. Utd.**
**00.30 Messan**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**15.40 The X-Factor US**
**17.05 The X-Factor US**
**17.50 Bunheads**
**18.35 Bob's Burgers**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.55 Cherry Healy. How to Get a Life** *(5:6)*
**20.55 Outlaw** *(5:8)*
**21.40 Damages** *(5:10)* F
**22.25 2+6** *(5:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.55 Shameless** *(4:12)*
**23.45 Banshee** *(4:10)*
**00.45 Junior Masterchef Australia**
**01.35 Cherry Healy. How to Get a Life**
**02.35 Outlaw**
**03.20 Damages**
**04.05 2+6**
**04.35 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ofurhundurinn Krypto **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** UKI **10.00** Lukku Láki **10.24** Strumparnir **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Könnuðurinn Dóra **12.09** Doddi litli og Eyrnastór **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ofurhundurinn Krypto **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** UKI **14.00** Lukku Láki **14.24** Strumparnir **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar 15.46 Könnuðurinn Dóra **16.09** Doddi litli og Eyrnastór **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ofurhundurinn Krypto **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** UKI **18.00** Lukku Láki **18.24** Strumparnir **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Astro boy

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(3:10)* Kalli Berndsen er mættur til leiks heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið.
**20.30 Örlagadagurinn** *(19:30)*
**21.05 Cold Feet** *(2:8)*
**21.55 Prime Suspect 2** *(2:2)* Stöð 2
**23.40 The Drew Carey Show** *(9:24)*
**00.05 Curb Your Enthusiasm** *(4:10)*
**00.40 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi**
**01.10 Örlagadagurinn**
**01.45 Cold Feet**
**02.35 Prime Suspect 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.20 Spy Kids 4**
**12.45 Shakespeare in Love**
**14.45 The Three Musketeers**
**16.35 Spy Kids 4**
**18.05 Shakespeare in Love**
**20.10 The Three Musketeers**
**22.00 The Cold Light of Day**
**23.35 Extremely Loud and Incredibly Close**
**01.40 Push**
**03.30 The Cold Light of Day**

## RÚV

**16.20 360 gráður**
**16.50 Djöflaeyjan**
**17.20 Friðþjófur forvitni**
**17.43 Nína Pataló**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.24 Á götunni**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Heilabrotinn** Stuttmynd eftir Braga Þór Hinriksson. Myndin segir sögu ungs drengs sem hefur nýlega verið greindur með geðsjúkdóm og hvernig fjölskylda hans bregst við þeim fregnum.
**20.25 Læknamiðstöðin** *(11:13) (Private Practice VI)*
**21.10 Kiljan** Bókaþáttur Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hljómar** Hljómar, sem hafa verið kallaðir fyrsta íslenska bítlahljómsveitin, hófu feril sinn í Keflavík árið 1963 og urðu fljótt ein vinsælasta hljómsveit landsins.
**23.00 Sveitapiltsins draumur** Fylgst með hundrað Íslendingum sem eiga það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á bítlatónlistinni í töfrandi ævintýraför, vitja söguslóða Bítlanna allt frá Penny Lane til Strawberry Fields, hlýða á Paul McCartney á tónleikum á Anfield og fylgja hinum íslensku bítlum, Hljómum frá Keflavík, í þeirra hinstu för.
**23.55 Kastljós**
**00.15 Fréttir**
**00.25 Dagskrárlok**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Design Star**
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Kitchen Nightmares**
**18.55 Parks & Recreation**
**19.20 Cheers**
**19.45 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(9:20)* Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heiðarlega heimaeldamennsku.
**20.15 Fat & Back**
**21.10 Unforgettable** *(4:13)*
**22.00 Ray Donovan** *(3:13)*
**22.50 CSI Miami** *(3:24)*
**23.40 Málið** *(5:12)*
**00.10 Dexter**
**01.00 Ray Donovan**
**01.50 Fat & Back**
**02.45 The Borgias**
**03.35 Excused**
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** Golfing World **08.50** Presidents Cup 2013 **12.00** Golfing World **12.50** Presidents Cup 2013 **18.00** Golfing World **18.50** Presidents Cup 2013 **21.35** Inside the PGA Tour **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights **23.40** Ryder Cup Official Film 2004 **00.55** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





**VERÐ:** framhjóladrifinn frá kr. 3.980 þús., fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. okt. 2013

**BESTI BITINN**



**„Mér finnst bleikjan á RUB23 vera besti bitinn á landinu.“**

Elín Káradóttir stjórnmálafræðinemi.

# Frestuðu tökum vegna óhapps

## Gunnar Kristjánsson leikur hrakfallabálkinn Óla í Fólkinu í blokkinni.

Sjónvarpsþáttaröðin Fólkið í blokkinni hefur göngu sína í Sjónvarpinu á sunnudag. Þáttaröðin er byggð á samnefndu skáldverki eftir Ólaf Hauk Símonarson. Kristófer Dignus leikstýrir þáttunum og að hans sögn gekk á ýmsu á meðan á tökum stóð.

Gunnar Kristjánsson fer með hlutverk Óla litla í þáttunum og þurfti að fresta síðustu tökudögunum um þrjár vikur eftir að pilturinn datt á hjóli. „Hann fékk gat á hausinn og mar í andlitið og við þurftum að fresta síðustu tökudögunum á meðan hann jafnaði sig, greyið. Írónían í þessu öllu er sú að hann leikur hrakfallabálk í þáttunum og í fyrstu senunni í fyrsta þætti fær hann myndarlegt gat á hausinn – á nákvæmlega sama stað og þegar hann datt á hjólinu,“ segir Kristófer.

Aníta Briem fer einnig með hlutverk í þáttunum og reyndist nauðsynlegt að taka upp eitt atriði með Gunnari áður en hún flaug til síns heima. „Þetta var mikið púsluspil en við leystum þetta með því að láta hann vera með sólgleraugu og passa upp á að hann sneri alltaf sömu hliðinni að myndavélinni.“

Fyrr á þessu ári fóru fram áheyrnarprufur þar sem hátt í 600 krakkar freistuðu gæfunnar. Gunnar var að lokum valinn úr þeim hópi til að fara með hlutverk Óla. „Gunnar hafði bæði hæfileika og svo var svipur með honum og hinum í „fjölskyldunni“ og það spilaði einnig inn í ráðninguna,“ segir Kristófer að lokum. **- sm**





**ÓHEPPINN** Gunnar Kristjánsson fer með hlutverk Óla litla í Fólkinu í blokkinni. Hér sést hann tilbúinn í tökur fyrir fyrsta þáttinn.






**RAPPARAR** Frá vinstri: Bergþóra Einarsdóttir, Tinna Sverrisdóttir, Katrín Helga og Anna Tara Andrésdætur, Kolfinna Nikulásdóttir og Salka Valsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Hleypt inn í hollum á rappkvennakvöld

## Rappkvennakvöld verður haldið á Bar 11 í annað sinn í kvöld klukkan níu.

Kvennarappkvöld verður haldið á Bar 11 í kvöld klukkan níu, en þetta er annað kvöldið í kvennarappkvöldaröð sem Kolfinna Nikulásdóttir stendur fyrir ásamt þeim Þuríði Blævi Jóhannsdóttur og Þórdísi Björnsdóttur.

„Við héldum fyrsta kvöldið í sumar en það var okkar fyrsta tilraun til þess að safna saman rapplistakonum sem hafa haldið sig hver í sínu horni hingað til,“ útskýrir Kolfinna. Að sögn Kolfinnu kom afar góð mæting á síðasta kvennarappkvöld þeim á óvart.

„Það tóku allir gríðarlega vel í þetta framtak. Húsið var smekkfullt!“ segir Kolfinna. „Þetta var algjörlega vonum framar,“ bætir hún við. „Það þurfti að kalla út aukastarfsfólk, hleypa inn í hollum og færri komust að en vildu. Það var orðið svo heitt í kjallaranum á Ellefunni að það leið yfir unga stúlku sem stóð fremst í salnum,“ segir Kolfinna og bætir við að ljóst sé að almenning þyrsti í kvennarapp.

Í kvöld koma fram þær Tinna Sverrisdóttir, Sólveig Pálsdóttir og Hljómsveittar, sem samanstendur af systrunum Önnu Töru og Katrínu Helgu Andrésdætrum. Einnig koma fram þær Kolfinna Nikulásdóttir, sem er einnig söngkona hljómsveitarinnar Amaba Dama, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Cyber, sem eru tvíeykið Salka Valsdóttir og Jóhanna Rakel Jónasdóttir, Bergþóra Einarsdóttir og Þórdís Nadia Semichat, en hún er hvað best þekkt fyrir lag sitt „Passaðu þig“. Lagið kom út í fyrra ásamt myndbandi sem vakti mikla athygli, en þar deildi Þórdís á rappmenningu og sagðist vera komin til þess að gera rappbyltingu.

Þá lokar kvöldinu Ragna Kjartansdóttir, betur þekkt sem Cell 7, með nýju frumsömdu efni, en Ragna er einn af stofnmeðlimum hljómsveitarinnar geysivinsælu Subterranean. **olof@frettabladid.is**

# Framleiðir fyrir Cate Blanchett

## Eva Maria Daniels framleiðir fyrsta leikstjórnarverkefni Cate Blanchett.

Eva Maria Daniels verður annar af framleiðendum fyrstu kvikmyndarinnar sem leikkonan Cate Blanchett ætlar að leikstýra. Kvikmyndin er sálfræðitryllir og fjallar um hversu langt foreldrar geta gengið til að vernda börnin sín. Hún verður byggð á skáldsögu Hermans Koch, Kvöldverðurinn. Handritshöfundur verður Oren Moverman, sem skrifaði handritið að The Messenger.

Ekki er víst hvort Blanchett mun einnig leika í myndinni. Margir telja að hún fái tilnefningu til Óskarsverðlaunanna fyrir hlutverk sitt í nýjustu mynd Woody Allen, Blue Jasmine. Síðustu fimm ár hefur hún starfað, samhliða kvikmyndaleik sínum, sem einn af listrænum stjórnendum Sydney Theatre Company í Ástralíu.

Blanchett vann Óskarinn fyrir aukahlutverk sitt í The Aviator og hefur þrisvar að auki verið tilnefnd til verðlaunanna eftirsóttu.

Eva Maria Daniels hefur framleitt þrjár aðrar kvikmyndir síðustu fjögur árin, eða The Romantics með Katie Holmes í aðahlutverki, Goats með David Duchovny í aðalhlutverki og What Maisie Knew þar sem Julianne Moore og Alexander Skarsgård fóru með aðalhlutverkin. **- fb**



**STARFAR MEÐ BLANCHETT** Eva Maria Daniels framleiðir fyrstu kvikmyndina sem Cate Blanchett leikstýrir. NORDICPHOTOS/GETTY



➜ Eva Maria var ráðin til að framleiða Captive með Arnold Schwarzenegger en sú mynd mun enn vera á undirbúningsstigi.




## Evrópu- og heimsmeistari

Það er óhætt að segja að skammt sé stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki eru nema nokkrar vikur síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og á dögunum bættist enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva úr heiminum útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 39 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.540.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
SENDU OKKUR ÞITT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dóri DNA eignaðist stúlku

Tónlistarmaðurinn og þúsundþjalasmiðurinn **Halldór Halldórsson**, ef til vill betur þekktur sem Dóri DNA, og unnusta hans, Magnea Guðmundsdóttir, eignuðust stúlku í gær. Dóri á fyrir soninn Kára.



Ásamt því að vera meðlimur í uppistandshópnum Mið-Íslandi starfar Halldór sem hugmynda- og textasmiður hjá auglýsingastofunni Fíton. - ósk

### Tobba hitti Hank og Matt

**Tobba Marínósdóttir** er stödd á Cannes-hátíðinni í Frakklandi þessa dagana en hún starfar fyrir Skjá Einn. Tobba hefur verið dugleg að birta myndir af sér með frægum á Facebook-síðu sinni og ber þar helst til tíðinda Matt Lucas, sem er þekktastur fyrir leik sinn í Little Britain. Síðast hitti hún eina af stjörnum þáttanna Breaking Bad, Dean Norris, sem leikur lögreglumanninn Hank Schrader svo eftirminnilega. Þá hitti Tobba einnig leikkonuna Rachelle Lefevre sem lék meðal annars í Twilight-myndunum frægu sem fjalla um vampírur á gelgjuskeiðinu. - vg



## Mest lesið VÍSIR

1 Fórnarlamb Stokkseyrarmálsins krefst sex milljóna í bætur
2 Skildu farþegana eftir en flugu með farangurinn á brott
3 Fljúgandi hálka á götum borgarinnar
4 „Kaupi ekki pasta þar sem hatursáróður fylgir með“
5 Lokað á ferðamenn, vill ráðherra í málið

Á FLÓTTA
Glæný saga eftir Sigrúnu Eldjárn




www.forlagid.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2665

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

VIÐ BÆTUM LOFORÐUM VIÐ LÁGA VERÐIÐ

LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW

Við bjóðum lægra verð
Þetta er einfalt. Þegar flugmiðinn kostar minna þá geturðu farið oftar, verið lengur eða boðið einhverjum með. Við erum flugfélag fólksins.

Við erum stundvísust*
Stundvísi skiptir máli fyrir tengiflugin, móttökunefndina og ferðagleðina. Flugstöðvar eru oft ágætar en stundvísi er miklu betri - sérstaklega þegar þú ert ekki með aðgang að betri stofu bissness farþega.

Við erum með nýrri vélar
Flugvélar eru bifreiðar háloftanna og um þær gildir það sama; nýrri vélar eyða minna eldsneyti, menga minna og eru þægilegri. Þú finnur það á verðmiðanum og sitjandanum.

Við brosum breiðast
Við erum mjög stolt af endajöxlunum okkar og langar að sem flestir sjái þá.

Fljúgðu oftar með WOW air

*m.v. meðaltal ferða frá 1. janúar til 31. ágúst samkvæmt Túristi.is

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is